



**Hátið í bæ** „Jólasveininn kom allt í einu inn um gluggann og færði börnunum gjafir. Það var rosalega gaman,“ segir Zoe Roberts, verkefnisstjóri hjá Rauða krossinum, sem í gærkvöld hélt vetrarhátið í samstarfi við Landsvirkjun fyrir börn hælisleitenda. Zoe segir að það hafi bæði verið fjölskyldur og fylgdarlaus börn frá Palestínu, Sómalíu, Albaníu, Írak, Sýrlandi, Eritreu og fleiri löndum, samtals um áttatíu manns sem sóttu jólagleðskapinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Segir saksóknara skorta þekkingu

**LÖGREGLUMÁL** „Ávörðunin og rökstuðningurinn lýsir gríðarlegri vanþekkingu saksóknara á mansali,“ segir Kristrún Elsa Harðardóttir, réttargæslukona tveggja kvenna frá Srí Lanka, sem talið var að væru fórnarlömb í mansalsmáli í Vik í Mýrdal. Héraðssaksóknari telur svo ekki vera og gefur ekki út ákæru.

Greiðslur til annarrar konunnar runnu til aðila erlendis.

„Það er með ólíkindum að það teljist í lagi að konurnar hafi ekki fengið greidd laun sjálfar nema í formi húsnæðis og frís fæðis,“ segir Kristrún Elsa. – **kg / sjá síðu 10**

# Jólasendingar að utan 55 prósent fleiri en 2015

Fataverslun á Íslandi dregst saman þrátt fyrir að verð hafi lækkað. Samkeppni við erlendan markað sem nú hefur harðnað á netinu. Jólaverslun um netið er feikimikil. Sendingum fyrir jólin að utan hefur fjölgað um 55 prósent frá í fyrra.

**VIÐSKIPTI** Sendingum hingað til lands frá erlendum verslunum til einstaklinga fjölgaði um 55 prósent á milli ára í nóvember 2015 og nóvember 2016.

Á sama tíma fjölgaði innlendum pakkasendingum um 35 prósent á tímabilinu. Íslendingar virðast kaupa jólagjafirnar í mun meiri mæli í gegn um tölvuna í stað þess að kaupa þær í íslenskum verslunum á staðnum.

Fréttablaðið óskaði upplýsinga um pakkasendingar frá útlöndum fyrir jólin í samanburði við í fyrra. Engar magntölur bárust en fjölgunin í erlendum pökkum er sem áður segir 55 prósent á milli ára. Reikna má með að mikill meirihluti sé úr erlendum netverslunum.

Í október dróst innlend fataverslun saman miðað við síðasta ár, þótt verð á fötum hafi lækkað um 5,9 prósent

**Peir sem geta mega endilega koma fyrir hádegi á pósthúsin til að dreifa álaginu.**

Brynjar Smári Rúnarsson



milli ára. Um síðustu áramót voru tollar af fatnaði og skóm felldir niður.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir það ekkert nýtt að íslensk verslun eigi í harðri samkeppni við erlenda verslun.

„Bæði er netverslun að aukast en það er líka viss freisting, þegar gengi

krónunnar er eins og raun ber vitni, að kaupa varning að utan. Þannig að það að gengi krónunnar er svona sterkt og hagstætt, innan gæsalappa, ýtir enn frekar undir að netverslun færist úr landi,“ segir Andrés.

Brynjar Smári Rúnarsson, forstöðumaður markaðs- og upplýsingamála Íslandspósts, segir að margir versli jafnvel einvörðungu á netinu og ekkert í verslunum.

„Það hefur verið mikil aukning undanfarin ár en síðustu mánuðir hafa verið mjög stórir hjá okkur. Þeir sem eru vanir að versla víta að þetta tekur meiri tíma á þessum árstíma. Þeir byrjuðu fyrr og hafa fengið jólagjafirnar í nóvember.“

Brynjar segir aukninguna fela í sér mikið álag á pósthúsum og öðrum afhendingarleiðum póstsins. – **snæ**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Sverrir Ólafsson skrifar um vanhæfi dómara. **17**

**SPORT** Gunnhildur valin Körfuknattleikskona ársins 2016. **20**

**MENNING** Ég er vanur að fá smá klapp í lokin, segir Friðgeir Einarsson. **26**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK**  
**• MARKAÐURINN**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gjöf sem lifnar við!



MIDASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

Glaesilegar jólagjafir

MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR  
michelsen.is

OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD

10 DAGAR TIL JÓLA




Stúfur kom til byggða



10 dagar til jóla

## Veður



Gengur í suðaustanstorm fyrir austan, en annars norðvestankaldi og víða rigning eða slýdda, en fremur milt veður. Snýst í suðvestanstorm með skúrum eða éljum um kvöldið og kólnar. **SJÁ SÍÐU 24**



Heiðar Örn Jónsson sigraði í keppninni í fyrra með mynd af syni sínum sem sat agndofa við jólatréð.

## Samkeppni um jólaljósmyndir

**FÓLK** Vísir og Fréttblaðið efna til jólaljósmyndasamkeppni. Þema keppinnar eru jólin og allt sem þeim fylgir.

Sigurmyndin mun rata í Fréttablað aðfangadags og sigurvegarinn hlýtur glæsilega Nikon D-SLR myndavél með 18-105VR linsu frá Heimilistækjum. Næstbestu myndirnar verða birtar ásamt sigurmyndinni í Fréttablaði aðfangadags.

Frá og með deginum í dag gefst þeim sem vilja taka þátt í keppninni kostur á að senda mynd á netfangið jolamyndakeppni@365.is. Hægt er að senda jólamyndir fram á miðvikudag í næstu viku.

Á Vísí.is undir flípanum Jólamyndakeppni er hægt að fylgjast með framgangi keppinnar, en þar munu allar myndirnar birtast. – þh

» Sigurmyndin mun rata í Fréttablað aðfangadags og sigurvegarinn hlýtur glæsilega Nikon D-SLR myndavél með 18-105VR linsu frá Heimilistækjum.

## Hvergi banginn



„Ég er arboristi, þeir klifra í trjám,“ segir Orri Freyr Finnbogason, sem einn Íslendinga er útlærður í þeirri kúnt að klifra í trjám og snyrta þau. Í gær var Orri á Klambtratúni og hékk með vélsögina í ösp. „Hér er verið að hugsa til framtíðar. Vonandi stendur öspin í margar aldir enn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hóta að segja sig frá Danmörku

**GRÆNLAND** Utanríkisráðherra Grænlandinga, Vittus Qujaukitsoq, segir grænlandsku landstjórnina óánægða með að dönsk stjórnvöld skuli hunsa óskir Grænlandinga um meiri sjálfsákvörðunarrétt. Danir sýni Grænlandingum hroka. Afleiðingarnar geti orðið þær að Grænland segi sig úr ríkjasambandinu.

Í viðtali við Politiken bendir utanríkisráðherrann á að Grænlandingar hafi ekki fengið bætur fyrir að hafa lagt til land undir herstöðvar Bandaríkjamanna sem mengun hafi stafað af.

Grænlandingar vilja að varnarsáttmáli Bandaríkjanna og Danmerkur verði endurskoðaður þannig að Grænlandingar fái meiri umbun fyrir að leggja til land undir Thule-herstöðina.

Vittus Qujauki segir Dani jafnframt neita Grænlandingum um aðild að samtökum sem stjórn fiskveiðum í Norður-Atlantshafi. Utanríkisráðherra Danmerkur, Anders Samuelsen, vísar gagnrýni um hroka á bug. – ibs

# Miðstöð félagslífsins á Þórshöfn hvarf í eldi

Grillskálinn í Þórshöfn var félagsmiðstöð íbúa Þórshafnar. Þar hittust bæjarbúar yfir rjúkandi kaffibolla og fóru yfir daginn og veginn í rúm 50 ár. Skálinn brann í fyrrinótt og eru bæjarbúar slegnir yfir að hafa misst eitt sitt helsta kennileiti.

**SAMFÉLAG** Eldsvoðinn í Grillskálanum á Þórshöfn skilur eftir sig sár í bænum. Skálinn var ekki aðeins bensinstöð heldur samverustaður bæjarbúa til 50 ára. „Þarna vorum við með heimilismat í hádeginu og bæjarbúar komu til okkar, ekki bara í hádeginu, heldur líka að morgni og eftir vinnu. Komu og fengu sér kaffi og spjölludu. Grillskálinn var okkar félagsmiðstöð og hafði verið slík í rúm 50 ár,“ segir Kapítóla Rán Jónsdóttir, sem rak Grillskálann.

Móðir hennar, Anna Jenny Einarsdóttir, sem býr hinum megin við götuna, vill varla horfa út um gluggann sinn því þar blasa rústirnar við. „Fólk er mjög slegið hér. En við erum samrýnt bæjarfélag og hér býr gott fólk,“ bætir Kapítóla við, sem tók við rekstri skálans í febrúar árið 2015. „Ég hef það ágætt svona miðað við allt. Ég er að átta mig á þessu og reyna að komast niður á jörðina. Það kemur.“

Brunavörnum Langanesbyggðar barst tilkynning um eldinn um klukkan fjögur um nóttina. Ákveðið var að ekki væri möguleiki að bjarga húsinu og því allt kapp lagt á að forða gaskútum og stórum eldsneytisgeymi frá því að verða eldinum að bráð. Á vegum N1, sem á húsnæðið, var verið að vinna við framkvæmdir, meðal annars að skipta um olíutanka. Var því risastór olíutankur við húsið.

Tólf slökkviliðsmenn tóku þátt í slökkvistarfinu sem gekk greiðlega. Karl Ásberg Steinsson, formaður björgunarsveitarinnar Hafliða, segir að starfið um nóttina hafi gengið vel. „Við reyndum að



Lítið er eftir af skálanum. Tankurinn stóri sést hægra megin við rústirnar en honum var bjargað með ótrúlegri lagni. MYND/KRISTINN LÁRUSSON



Mikill eldsmatur var í Grillskálanum. Ákvað slökkviliðið að ekki væri hægt að bjarga honum. MYND/KRISTINN LÁRUSSON



Grillskálinn á Þórshöfn eins og hann leit út fyrir brunann. MYND/JA.IS

færa það sem við gátum með höndunum. Ísfélagið bjargaði okkur svo um lyftara til að færa tankinn. Okkur tókst að binda í hann og lyftarinn gat fært hann,“ segir Karl en slökkviliðið lagði ofuráherslu á að kæla tankinn. benediktboas@365.is

Fólk er mjög slegið hér. En við erum samrýmd bæjarfélag og hér býr gott fólk.

Kapítóla Rán Jónsdóttir

KÆRLEIKSKÚLAN

SÝN



Í ÞÁGU FATLAÐRA BARNA OG UNGMENNA

Sölutímabil 2. – 16. desember

STYRKARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

# Tímalaus hönnun á jólatilboði

Eames DSR

Tilboðsverð 39.500 kr.

Verð áður 45.900 kr.

Charles og Ray Eames, 1950



Eames DSW

Tilboðsverð 52.900 kr.

Verð áður 63.900 kr.

Charles og Ray Eames, 1950



Eames DAW

Tilboðsverð 66.900 kr.

Verð áður 82.900 kr.

Charles og Ray Eames, 1950



Eames RAR

Tilboðsverð 69.900 kr.

Verð áður 84.900 kr.

Charles og Ray Eames, 1950



Eames DAR

Tilboðsverð 48.900 kr.

Verð áður 56.900 kr.

Charles og Ray Eames, 1950

**Tilboð gilda frá 14. nóvember  
til 24. desember 2016**

# Magni skallaði borðið er hann var sakaður um morð

**DÓMSMÁL** „Þegar grunuðum var greint frá því að hann væri sakaður um morð skallaði hann borðið endurtekið og féll í gólfíð,“ segir í skýrslu lögreglunnar í Jacksonville í Flórída um handtöku Magna Böðvars Þorvaldssonar, öðru nafni Johnny Wayne Johnson.

Magni, sem er með tvöfalt ríkisfang, er ákærður fyrir að hafa myrt Sherry Prather árið 2012.

Málið verður þingfest í dag. Þá getur Magni lýst sakleysi eða sekt.

» Meðal þess sem kemur fram í skýrslunni er að Magni hafi verið með skammbýssu sem áður hafði verið hleypt af og að það sem einkenni Magna væri „gervilegur íslenskur hreimur“.

„Ég held að þetta verði ósanngjörn réttarhöld,“ segir Sara Hatt, unnusta Magna, í samtali við Fréttablaðið.

Meðal þess sem kemur fram í skýrslu lögreglunnar er að Magni hafi verið með skammbýssu sem áður hafði verið hleypt af og að það sem einkenni Magna væri „gervilegur íslenskur hreimur“.

Atburðarás málsins er þá rakin í skýrslunni. Lögreglan vikur meðal annars að handtökunni sjálfri. Magni var handtekinn á heimili sínu og fluttur á lögreglustöð þar sem yfirheyrsla fór fram. Játtaði hann þar á ný að hafa yfirgefið barinn Boots and Bottles

með Prather og sagðist hafa skilið við hana á Trout River Boulevard. Segir í skýrslunni að hann hafi breytt smáatriðum úr fyrri útgáfu sögu sinnar til að útskýra sönnunargögn sem lögregla sýndi honum.

Magni þvertók fyrir að hafa myrt Prather og krafðist þess að fá lögfræðing á staðinn. Þegar lögregla sagði Magna frá því að hann væri sakaður um morðið byrjaði hann svo að skalla borðið eins og sagt var frá hér að framan. – þea



Magni með unnustu sinni, Söru Hatt. MYND/SARA HATT



Fri skilríki í farsíma. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Heimabankinn gæti orðið dýrari

**VÍSIR** Um áramótin falla auðkennislyklar úr gildi og við taka rafræn skilríki hjá Arion banka og Íslandsbanka, Landsbankinn hætti að nota auðkennislykla fyrir fjórum árum.

Hægt verður að borga árgjald Auðkennisfyrir persónuleg auðkenniskort með rafrænum skilríkjum, svokölluð einkaskilríki. Það er 1.500 krónur auk 200 króna innheimtugjalds bankans. Hins vegar má nota rafræn skilríki í farsíma án kostnaðar. Þrjú stærstu símafyrirtæki landsins munu ekki rukka fyrir þann valkost. – sg

## Oliuforstjóri verður ráðherra utanríkismála

**BANDARÍKIN** Rex Tillerson, framkvæmdastjóri oliufyrirtækisins Exxon, verður utanríkisráðherra í ríkisstjórn Donalds Trump.

Sérstaka athygli vekur að Tillerson hefur áratugum saman haft góð tengsl við Vladimir Pútín Rússlandsforseta.

Þingmenn úr röðum beggja flokka á Bandaríkjaþingi, Repúblikanar og Demókratar, hafa viðrað áhyggjur af þessu. Búast má við þungum röðri er kemur að því að þingið veiti samþykki sitt. – gb



Rex W. Tillerson, yfirmaður oliurisans Exxon

**STJÓRNMÁL** „Það ríkir nokkuð erfið stjórnarkreppa í landinu, án þess að hér sé nokkurt neyðarástand. Flokksleiðtogarnir eru á flótta undan því hugtaki en það er augljóslega það hugtak sem lýsir ástandinu sem hér er uppi,“ segir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði.

Síðan landsmenn gengu að kjörborðinu eru liðnir 44 dagar. Þrjú flokksleiðtogar hafa fengið stjórnarmyndunarboðið frá forsetanum en engum þeirra hefur tekist að mynda ríkisstjórn.

„Það eru auðvitað nokkrir möguleikar í stöðunni. Til að mynda að menn skoði frekar hægristjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar, hugsanlega með Framsóknarflokki sem minnihlutaafli. Eftir að fimm flokka möguleikinn er úti er þetta kannski augljósasta leiðin til stjórnarmyndunar,“ segir Eiríkur.

Starfsstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins sem situr nú er minnihlutastjórn. „Það er í eðli sínu ólýðræðislegt að ríkisstjórn, sem hefur verið hafnað í kosningum og misst meirihlutann, sitji mjög lengi sem starfsstjórn. Auðvitað getur hún það í einhvern tíma en það þarf þá að vera á meðan menn sjá einhvern annan möguleika á stjórnarmyndun,“ segir Eiríkur.

Í yfirlýsingu forseta Íslands vegna stjórnarmyndunar er bent á möguleikann á því að mynda minnihlutastjórn sem njóti stuðnings flokks eða flokka sem verji hana falli komi til þess að borin verði upp vantrauststillaga gegn stjórninni.

Eiríkur segir þann möguleika vera fyrir hendi. „Einhver flokkanna gæti stigið fram og boðist til þess að leiða minnihlutastjórn með loforðum frá öðrum flokkum um að þeir verðu hana vantrausti. Það væri þá helst að Sjálfstæðisflokkurinn eða Vinstri grænir gerðu þetta í sitthvoru lagi eða í sameiningu,“ segir Eiríkur.



Stjórnarkreppa ríki í landinu. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, benti flokksleiðtogunum á möguleikann á því að mynda minnihlutastjórn í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það er í eðli sínu ólýðræðislegt að ríkisstjórn, sem hefur verið hafnað í kosningum og misst meirihlutann, sitji mjög lengi sem starfsstjórn.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði



Í leiðtogaumræðum í Kastljósi í gærkvöldi ræddu forsvarsmenn flokka um þá stjórnarkreppu sem nú ríkir í landinu. Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins og forsætisráðherra, sagði að ef ekki væri vilji til þess að mynda meirihlutastjórn kæmi minnihlutastjórn til greina. Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði hins vegar að ef mynduð væri minnihlutastjórn hlyti það að þýða að nýjar kosningar yrðu undirbúnar.

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, sagðist ekkert vera farin að hugsa um minnihlutastjórn. Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, sagðist ekki vilja gefast upp á myndun meirihlutastjórnar og Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, og Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, tóku undir orð Óttars.

Jóna Sólveig Elínardóttir, varafor-

maður Viðreisnar, tók fram í Kastljósi að kosningar væru ekki kostur í stöðunni að svo stöddu. Hanna Katrín Friðriksson, þingflokksformaður Viðreisnar, sagði í umræðum á Stöð 2 að hún væri mjög bjartsýn á að flokkunum tækist að mynda meirihlutastjórn.

Dragist stjórnarmyndunin hins vegar fram yfir áramót telur Eiríkur að það gæti komið til greina að forsetinn stigi inn og myndaði utanþingsstjórn, sem tímabundna ráðstöfun.

„Þingmenn gætu líka sammælt um að forsætisráðherrann fari fram á þingrof á nýju ári og gengið verði á ný til kosninga á hefðbundnum kjörtíma til Alþingis að vori,“ segir Eiríkur. [thorgeirh@frettabladid.is](mailto:thorgeirh@frettabladid.is)




„Bókin er mjög skemmtileg og myndin.“

HEE / BARNABLAÐ MORGUNBLAÐSINS  
(UM ÞÍN EIGIN ÞJÓÐSAGA)



„... leiðirnar til að lesa söguna eru fjölmargar og spennandi ... Ég mæli hiklaust með henni í jólapakkann ...“

HEKLA SÓL, 14 ÁRA / DV



1. PRENTUN  
Á ÞROTUM HJÁ  
ÚTGEFANDA

2. PRENTUN  
VÆNTANLEG



# Það eru girnileg jól framundan í Hafinu

Allt sjávarfangið sem þú þarft fyrir jólin, áramótin og skötuveisluna



  
**Opnunartími  
yfir hátíðarnar:**  
Alla virka daga frá 10-18:30  
Aðfangadag frá 09-12  
Gamlársdag frá 10-14



Stútfullar búðir af stórum hátíðarhumri. Heimalagaður reyktur og grafinn lax, sósur og ómótstæðileg humarsúpa.

Allir sem versla í Hafinu geta tekið þátt í jólaleiknum okkar, sett nafnið sitt í pott og unnið til veglegra verðlauna. Dregið verður 22. desember.

VINNINGAR:

- ★ 150 þúsund króna inneign í verslunum Hafsins.
- ★ Sansaire Sous Vide hitajafnari ásamt kennslu og fiskiveislu.
- ★ Vegleg gjafakarfa frá Hafinu Fiskverslun að andvirði 50 þúsund króna.

Verið velkomin í dýrindis smakk í öllum verslunum okkar vikuna fyrir jól.

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13  
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | www.hafid.is | við erum á 





Bakveikri konu var sagt að hún ætti að geta unnið meira þar sem hún gæti bakað smákökur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Smákökurnar á borð ráðherra

**DANMÖRK** Anita Bang Degn frá Álaborg er í veikindaleyfi vegna bakvandamála. Hún starfar nú í 12 klukkustundir á viku við eldhúsför og er starfið liður í endurhæfingu. Félagsráðgjafi sem sá myndir á Facebook af smákökum sem Anita hafði bakað hringdi í hana og tilkynnti henni að þar sem hún gæti bakað smákökur ætti hún að geta unnið fjórar stundir til viðbótar á viku.

Anita Bang Degn kveðst hafa keypt tilbúið deig og bakað úr því í frítíma sínum um helgi.

Smákökubaksturinn er kominn á borð bæði vinnumálastjóra sveitarfélagsins og atvinnuáráðherra Danmerkur, Troels Lund Poulsen.

Pingmaður Einingarlistans, Finn Sørensen, hefur spurt ráðherrann um málið. Af svörunum mun koma í ljós hvort sveitarfélagið hafi rétt til að skipta sér af því hvað borgararnir gera í frítíma sínum, að því er danska ríkisútvarpið bendir á. – **IBS**

## Eftir storminn



Indverskir menn standa í röð og bíða eftir afgreiðslu á bensistöð í Chennai eftir að fellbylurinn Vardah gekk inn yfir strönd Indlands í gær. Að minnsta kosti tíu manns féllu fyrir Vardah sem braut bæði niður hús og rafmagnsliður að sögn yfirvalda. NORDICPHOTOS/AFP

# Álíta samninginn vopnahlé til eins árs

Þrátt fyrir að hafa samþykkt kjarasamning eru kennarar enn ósáttir. Þeir skiptast í tvær fylkingar sem eru sammála um markmið en ósammála um aðferð. Sveitarfélögin eru á skilorði hjá mörgum kennurum sem segjast munu gefa þeim ár til að koma skikki á málín.

**KJARAMÁL** Þrátt fyrir að hafa samþykkt nýjan kjarasamning í atkvæðagreiðslu í fyrradag eru kennarar ekki sáttir. Samkomulaginu hefur verið líkt við vopnahlé.

Skrifað var undir samning 29. nóvember síðastliðinn og hann samþykktur með 55 prósentum greiddra atkvæða í fyrradag. 43 prósent sögðu nei en tæplega 91 prósent kennara tók þátt í atkvæðagreiðslunni. Áður höfðu kennarar fella kjarasamninga tvívegis.

Hinn nýi samningur er til nóvember á næsta ári og felur í sér tæplega ellefu prósentu flata launa-hækkun auk 200 þúsund króna eingreiðslu við undirritun.

Fréttablaðið heyrði í gær í kennurum víða um land til að kanna afstöðu þeirra til úrslita kosninganna. Nær allir eru sammála um að í niðurstöðunni felist ekki sigur,

# 100

**Tæplega hundrað kennarar sögðu starfi sínu lausu. Hluti dró uppsögnina til baka en aðrir liggja undir feldi.**

ekki einu sinni áfangasigur. Í raun sé um vopnahlé að ræða á meðan kanónurnar séu hlaðnar að nýju fyrir þau átök sem vænta má eftir lok samningstímans á næsta ári.

Á umræðuvettvangi kennara hefur talsvert verið rætt og ritað um niðurstöðuna. Þeir sem höfnuðu samningnum eru sárir út í já-hópin. Þeir vildu frekar fella samninginn og kjósa nýtt fólk til að fara fyrir samninganefnd kennara. Allir virðast hins vegar vera



Kennarar skiptust í tvær fylkingar í atkvæðagreiðslunni. Minnihlutinn vildi að núverandi samninganefnd viki og halda baráttunni áfram. Hann laut í gras fyrir sjónarmiðum um að halda áfram að ári og þá á herra kaup. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

sammála um að halda baráttunni áfram.

Tugir kennara sögðu starfi sínu lausu í síðasta mánuði. Meira virðist vera um það að kennarar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi segi upp heldur en á landsbyggðinni. Hluti þeirra sem sagði upp hefur dregið uppsagnir sínar til baka. Aðrir liggja enn undir feldi og velta því fyrir sér hvað skuli gera.

Í hópi þeirra sem Fréttablaðið heyrði í voru kennarar sem ákveða sig á næstu dögum. Þeir segja ljóst að samningurinn verði ekki til þess að halda í þá. Hins vegar komi til greina að draga uppsögnina til baka til þess að halda baráttunni áfram á næsta ári. Sveitarfélögin og samninganefnd þeirra séu á skilorði. Haldi hún áfram á sömu braut megi búast við því að kennarar fái endanlega nóg.

johannoli@frettbladid.is

„... sagan situr í lesandanum og nagar hann inn að beini.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„... tvímælalaust með því besta úr heimi krimmanna ... eftir einn besta og frumlegasta spennusagnahöfund landsins.“

BJÖRGVIN G. SIGURDSSON / PRESSAN



„... trúverðugasti krimmahöfundur landsins ... eiturbeitt.“

SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON  
MORGUNBLAÐIÐ

„Spennandi og mjög svo óvæntur krimmi.“

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR  
VIKAN





mazda

# LANGUR VEGUR FRAMUNDAN. HÚRRA!



## MAZDA CX-3

FJÓRHJÓLADRIFINN FRÁ 3.590.000 KR.  
FRAMDRIFINN FRÁ 2.940.000 KR.

Fádæma veggrip, há sætisstaða ásamt glæsilegri innréttingu gera hverja ferð í Mazda CX-3 að upplifun fyrir skynfærin. i-ACTIV AWD fjórhjóladrifið límir bílinn við veginn og akstursgleðina er erfitt að útskýra en auðvelt að upplifa í reynsluakstri.

SkyActiv spartæknin og lág bilanatíðni Mazda tryggir sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Margvíslegur i-ACTIVSENSE öryggisbúnaðurinn tryggir öryggi allra farþega og hjálpar ökumanni að greina og forðast aðsteðjandi hættur.

KOMDU, REYNSLUAKTU OG UPPLIFÐU MAZDA CX-3  
[mazda.is](http://mazda.is)

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Búnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

# Námsárangur fór fram úr villtustu væntingum

Breytt verklag í grunnskólum Reykjanesbæjar skilaði mun betri námsárangri barna. Átakið kostaði ekki krónu. Skimunarpróf til að finna þá sem þurftu að bæta sig. Bæjarstjóri segir dæmið sanna að heilt þorp þurfi til að ala upp barn.

**SKÓLAMÁL** „Við vildum sanna að þó menntunarstig sé ekki endilega það hæsta á landinu og félagsleg staða allra ekki svo góð þá þarf það ekki að þýða að við getum ekki staðið okkur í skólanum. Við erum búin að sanna það,“ segir Gyða Margrét Arnmundsdóttir, deildarstjóri hjá Reykjanesbæ.

Grunnskólanemar bæjarins hafa tekið miklum framförum á fáum árum. Árangurinn má sjá svart á hvítu í nýútkominni PISA-könnun og niðurstöðum samræmdra prófa.

Ráðist var í átak í öllum grunnskólum Reykjanesbæjar árið 2011 til að bæta námsárangur skólanna. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær nýtti bærinn sér niðurstöður samræmdra prófa til að fara í naflaskoðun um skólalag bæjarins.

Niðurstöður samræmdra prófa eru settar fram á kvarða þar sem landsmeðaltal er á bilinu 29 til 31. Fáir skóli meðaltal einkunna fyrir neðan 28 þykir það slæm niðurstaða fyrir skólann. Niðurstöður yfir 32 þykja sérstaklega góðar.

Sem dæmi um árangur einstakra skóla í Reykjanesbæ má nefna Akur-skóla sem skoraði afleita einkunn, 21,5 hjá sjöunda bekk í íslensku árið



Gyða Margrét Arnmundsdóttir, deildarstjóri hjá Reykjanesbæ

2006. Í ár fékk skólinn aftur á móti 29,5 og náði þá landsmeðaltali.

Annað gott dæmi er sjöundi bekkur Holtaskóla. Árið 2006 náðu nemendur einkunninni 25,9 í stærðfræði sem er slök einkunn. Tíu árum síðar, árið 2016, er einkunnin 35,2 sem er einstaklega góður árangur.

„Við tókum okkur saman árið 2011 og breyttum vinnulagi í skólunum með utanumhaldi og ráðgjöf bæði í íslensku og stærðfræði. Þá var gerð samfélagsleg samþykkt um að við ætludum að bæta námsárangur. Þegar við breyttum verklaginu og settum inn markviss skimunarpróf byrjaði það strax að skila sér í niðurstöðum samræmdra prófa,“ segir Gyða Margrét.

Samkomulagið gildi á milli stjórnmalamannanna, forstöðumanna skólanna, nemenda og foreldra. „Við vorum með mottóíð að við værum öll í sama liði. Skólarnir deildu svo því sem þeir voru að gera vel og sýndu



Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar

allar mælingar. Þeir deildu sínum aðferðum sem fór að skila sér í þeim skólum sem voru lakari.“

Skimunarpróf voru markvisst lögð fyrir nemendur svo sjá mætti hverjir þyrftu að bæta sig. Brugðist var við vanda einstakra nemenda þegar þurfa þótti. Fundað var með öllum kennurum bæjarins og sérstakir kennsluráðgjafar á bæjarskrifstofunni voru kennum til halds og trausts. Þá náði verkefnið alla leið niður í leikskóla bæjarins.


Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir átaksverkefnið ekki hafa kostað mikið.

„Ég hef ekki orðið var við að þetta hafi kostað eina einustu krónu. Þetta var bara spurning um verklag og hvernig menn nýttu tímann. Það segir einhver staðar að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn og þarna tókst að stilla saman strengi.“  
snaeros@frettabladid.is

## Árangur nemenda í Reykjanesbæ á samræmdum prófum


Landsmeðaltal einkunna er 30. Allt fyrir neðan 28 þykir mjög slæmt og allt fyrir ofan 32 virkilega gott.

■ Yfir meðaltali  
--- Meðaltal  
■ Undir meðaltali




## ÍSLENSKA

Nemendur 7. bekkjar í Myllubakkaskóla fengu 37,91 stig í samræmda prófinu í íslensku.



## Lesskilningur samkvæmt PISA

■ Reykjavík ■ Kópavogur ■ Hafnarfjörður ■ Garðabær  
■ Mosfellsbær ■ Akureyri ■ Reykjanesbær ■ Árborg



## Q3 vekur eftirtekt

Nýr Audi Q3 er vel útbúinn, lipur og svipmikill. Hann er skilvirkur og sportlegur, á sama tíma rúmgóður að innan en smágerður að utan. Audi Q3 er byggður fyrir nýjar væntingar.

Verð frá 5.490.000 kr.

5 ára ábyrgð



HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is



# Notaleg jólastemning í Garðheimum

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM LJÓSASERÍUM

15%

AFSLÁTTUR AF  
ÖLLUM VÖRUM  
FRÁ SVEINBJÖRGU,  
IHÖNNU OG HEKLU

GILDIR MIÐVIKUDAG  
TIL FÖSTUDAGS

YLJAÐU ÞÉR  
Á HEITU KAKÓ  
MEÐAN ÞÚ FINNUR  
DRAUMATRÉÐ!

## NORDMANNSPINUR TILBOÐSVERÐ

70-100cm	2.600KR
101-150cm	3.800KR
151-200cm	6.120KR
201-250cm	7.960KR

OPÍÐ TIL 22  
ÖLL KVÖLD  
TIL JÓLA



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Fasteignagjald á Kárahnúkavirkjun lækkar um 20 milljónir króna

**SVEITARSTJÓRNIR** „Það gæti munað um 20 milljónum; að fasteignagjöldin yrðu níu milljónir króna í staðinn fyrir 28 milljónir,“ segir Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, um nýjan úrskurð yfirfasteignamatsnefndar vegna Kárahnúkavirkjunar.

Landsvirkjun kærði álagningu fasteignagjalda til yfirfasteignamatsnefndar. Fyrirtækið vildi að hluti vatnsréttinda yrði undanskilinn fasteignagjaldi en þeim hluta kærannar var vísað frá.

„Þannig að það er alveg ljóst að það eru öll vatnsréttindi sem falla



**Björn Ingimarsson**  
bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs.

undir þetta og svo er niðurstaðan sú að þetta skuli fara í A-flokk en ekki C-flokk og það munar um 20 milljónum í tekjur,“ útskýrir Björn og vísar í að Fljótsdalshérað vildi vatnréttindin í C-flokk þar sem álagningarprósentan er 1,65 en ekki í A-flokk þar sem álagningin er 0,5 prósent af fasteignamati.



Vatni er miðlað til Kárahnúkavirkjunar úr Háslóni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Við álagningu fasteignagjalda 2017 mun Fljótsdalshérað leggja fasteignagjöld á framangreint samkvæmt úrskurði nefndarinnar, en áskilur sér rétt til að taka málið til endurskoðunar á síðari stigum,“ segir í samþykkt bæjarstjórnar í gær vegna málsins. Þá á að skoða stöðu og skráningu mannvirkja við Kárahnjúka, sem tengjast umræddri lóð.

„Það gæti alveg komið til greina en það hefur ekki verið tekin ákvörðun um slíkt,“ svarar bæjarstjórinn aðspurður hvort vænta megi frekari málarekstrar varðandi fasteignagjöldin. –gar

## Greiðslurnar til þriðja aðila en samt ekki ákært í mansalsmáli

Tvær konur frá Sri Lanka sem saumuðu fatnað í kjallara í Vík í Mýrdal eru ekki þolendur mansals að mati héraðssaksóknara. Greiðslur til annarrar konunnar runnu til aðila erlendis. Frítt húsnæði og fæði talið til greiðslna segir réttargæslumaður kvennana. Ákvörðunin lýsi gríðarlegri vanþekkingu saksóknara á mansali.

**LÖGREGLUMÁL** „Það er með ólíkindum að það teljist í lagi að konurnar hafi ekki fengið greidd laun sjálfar nema í formi húsnæðis og frís fæðis,“ segir Krístrún Elsa Harðardóttir, réttargæslukona tveggja kvenna frá Sri Lanka, sem höfðu stöðu þolenda í meintu mansalsmáli í Vík í Mýrdal á árinu. Niðurstaða héraðssaksóknara var að ákæra ekki í málinu.

Krístrún segir meginniðurstöðuna í rökstuðningi saksóknara um að gefa ekki út ákæru vegna mansals að þær hafi fengið frítt húsnæði og fæði þar sem þær bjuggu og störfuðu. Þá hafi verið deilt um vinnuframlag þeirra.

Saksóknari tekur ekki tillit til þess að greiðslur til annarrar konunnar hafi runnið til þriðja aðila erlendis.


„Saksóknari virðist telja fullsannað með þessu að þær hafi fengið greitt. Ávörðunin og rökstuðningurinn lýsir gríðarlegri vanþekkingu saksóknara á mansali og ég er mjög ósátt við niðurstöðuna,“ segir Krístrún Elsa og segist telja að með ákvörðun saksóknara sé hvati lögreglu til að rannsaka mál af þessu tagi orðinn afar litill.

„Það er mjög litill hvati núna hjá lögreglu að ganga hart fram í þessum málum. Maður spyr sig hvað þurfi eiginlega til þess að gefa út ákæru. Þarna stókk lögregla til og gerði allt sem hún gat. Næst þegar svipuð mál koma upp, hvað verður þá gert? Er í lagi að greiða laun til þriðja aðila? Veita aðeins frítt húsnæði og fæði? Það er grundvallaratriði í mínum huga að dómstólar hafi þekkingu á málaflokknum. Það hefur ítrekað verið gagnrýnt,“ segir Krístrún Elsa og vísar til að mynda í skýrslur bandaríska utanríkisráðuneytisins um mansal. Í þeim hafa ítrekað komið fram brestir í aðkomu stjórnvalda í málaflokknum og ábendingar um vanþekkingu ákærvalds.

„Það er svo margt annað líka sem kemur fram í rökstuðningi, til dæmis varðandi þolendur,“ segir Krístrún Elsa. „Þar er talað eins og þær hafi verið frjálssar konur og ekkert tillit tekið til þess í hvaða aðstæðum þær voru. Þetta er sérlega alvarlegt í ljósi þess að brotápolær kæra ekki mansal og vilja oftast forðast lögsókn. Það þekkist varla í heiminum að fólk vilji sækja rétt sinn enda er það í erfiðum aðstæðum.“

Þar á Krístrún Elsa við að þolendur séu á valdi kúgara síns. Því sé ábyrgð stjórnvalda, löggæslu og ákærvalds meiri en í öðrum málum.

„Héraðssaksóknari þarf að kynna sér mansal og aðstæður



Hið fría húsnæði sem konur tvær frá Sri Lanka fengu til íbúðar fyrir störf sín í Vík í Mýrdal. FRÉTTABLAÐIÐ/PÓRHILDUR



Héraðsdómur Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hótaði og hrækti á lögreglumann

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær konu í 90 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn valdstjórninni. Konan var ákærð fyrir að reyna að sparka í tvo lögreglumenn, hóta þeim og fjölskyldum þeirra lífláti og að hafa hrækt á þriðja lögreglumanninn.

Konan játaði skýlaust brot sitt. Henni ber að greiða 143 þúsund krónur í málskostnað og refsing hennar fellur niður haldi hún skilorð í tvö ár. – þh

## Auðmönnum í Svíþjóð fjölgar

**SVÍÞJÓÐ** Milljarðamæringar í Svíþjóð eru 178 og hefur þeim fjölgað um 22 frá því í fyrra, samkvæmt úttekt viðskiptaritsins Veckans Affärer. Samtals nema eignir milljarðamæringanna rétt rúmum 2.000 milljörðum sænskra króna. Það er rúmlega tvöfalt hærri upphæð en fjárlög sænska ríkisins fyrir næsta ár en þau eru upp á 972 milljarða sænskra króna.

Eins og áður er Ingvar Kamprad, eigandi IKEA, efstur á lista yfir milljarðamæringana. Í úttektinni er miðað við að hann sé eini eigandi húsgagnarisans þrátt fyrir að eignum hafi verið komið fyrir í ýmsum sjóðum. Eignir Kamprads eru metnar á 655 milljarða sænskra króna.

Verslunarmenn, fasteignaeigendur, erfingjar, kaupskýslumenn og eigendur tæknifyrirtækja eru á listanum yfir allra ríkustu Svíana. – ibs



**Ingvar Kamprad**, eigandi IKEA, er ríkastur milljarðamæringanna 178 í Svíþjóð.

## LEIÐRÉTTING

Þau mistök voru gerð við prófarkalestur dóms um tónleika hinnar portúgölsku Maria João Pires að sagt var að hún hefði flutt fyrstu sönötu Beethovens og þá síðustu eftir Schubert. Hið rétta er eins og kom frá greinarhöfundum að tónleikunum voru fluttar sú síðasta eftir Beethoven og sú síðasta eftir Schubert.

**Héraðssaksóknari þarf að kynna sér mansal og aðstæður þolenda mansals. Það er alveg ljóst, segir hún. Þetta er illa unnið.**

Krístrún Elsa Harðardóttir



þolenda mansals. Það er alveg ljóst, segir hún. Þetta er illa unnið,“ klykkir Krístrún Elsa út með og segir miður að hún geti ekki tekið málið lengra. Hennar vinnu sé lokið því hún geti ekki kært ákvörðun héraðssaksóknara til ríkissaksóknara án þess að konurnar óski eftir því.

Snorri Birgisson hjá lögreglunni

**Lögreglumenn unnu dag og nótt við þessa rannsókn.**

Snorri Birgisson



á höfuðborgarsvæðinu aðstoðaði lögregluna á Suðurlandi við rannsókn málsins.

„Það var allt kapp lagt á það að rannsaka grun um mansal í þessu máli og lögreglumenn unnu dag og nótt við þessa rannsókn,“ segir Snorri.

Að sögn Snorra óskaði lögreglan á Suðurlandi strax í upphafi eftir

aðstoð frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu vegna sérhæfðar þekkingar á mansali. Rannsóknin hafi verið faglega unnin.

„Það er ekki lögreglu að leggja dóm á ákvarðanir ákærvaldsins og þær verðum við að virða. Sönnunarbyrði í mansalsmálum er bæði flókin og erfið og það hefur væntanlega legið til grundvallar við þessa niðurstöðu,“ segir Snorri.

Hins vegar má ekki, segir Snorri, líta fram hjá þeirri staðreynd að málið í Vík í Mýrdal hafi komið upp vegna vitundarvakningar í samfélaginu.

„Sama má segja um önnur mál þar sem grunur hefur vaknað um mansal. Lögreglan mun áfram rannsaka slík mál þrátt fyrir niðurfellingu á grun um mansal í þessu máli,“ segir Snorri Birgisson. – kbg



## LEYNIST GULLNI MIÐINN Í ÞINNI ÖSKJU?

Kauptu konfektöskju og þú gætir **unnið 65" Samsung sjónvarp** að verðmæti 299.995 kr.\*

NÓI  
*Konfekt*

\*Gildir um 800 g, 1 kg og 1,2 kg öskjur.

## Skotar sjá mikil tækifæri í golfleikurum frá Íslandi

**FERÐALÖG** Um tólf þúsund Íslendingar heimsækja Skotland á hverju ári og eyða alls að meðaltali um 8 milljónum punda eða um 1,1 milljarði króna á ári.

Þetta kemur fram í tölum hagstofu Skota sem sjá sér hag í því að lokka íslenska golfara til landsins.

Nýlega kom sendinefnd hingað til lands frá Aberdeen og hitti um fjórtíu ferðaþjónustuaðila til að benda á kosti landsins og héraðsins. „Yfir 70 prósent Íslendinga fara til útlanda ár hvert og nú er verið að bjóða beint flug til Skotlands. Golf hefur lengi verið styrkleiki Aberdeen og það eru yfir 63 þúsund manns í golfklúbbum á Íslandi. Við sjáum mikil tækifæri þar,“ segir



Meira en 63 þúsund Íslendingar eru skráðir í golfklúbba. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jenni Fraser, sérfræðingur hjá Visit Aberdeen, við skoska blaðið Press and Journal. – bb

# Hermenn myrða íbúa á heimilum í Aleppo

Stjórnarherinn hefur náð völdum í borginni Aleppo. Hermenn eru sagðir ryðjast inn á heimili almennra borgara og myrða þá. Sameinuðu þjóðirnar fordæma þá harkalega. Mannréttindaráðið segir niðurrif allrar mannúðar í Aleppo blasa við.

**SÝRLAND** Studningsmenn Bashars al Assad Sýrlandsforseta hafa ákaft fagnað því að stjórnarherinn hafi að mestu endurheimt borgina Aleppo úr höndum uppreisnarmanna. Jafnframt hafa borist fréttir af því að liðsmenn stjórnarhersins eða studningsmenn hans hafi tekið fólk af lífi án dóms og laga, tugum og jafnvel hundruðum saman.

CNN greinir til að mynda frá því að hersveitir Assads hafi ruðst inn á heimili almennra borgara í hverfum sem voru undir stjórn uppreisnarmanna og skotið íbúana á staðnum.

Kennari í borginni, Abdul Kafi Alhamado, sagði í viðtali við BBC að sprengjum hafi bókstaflega rignt yfir fólk og gríðarlega margir séu látnir.

„Fólk er að flýja, en veit ekkert hvert það á að fara. Fólk bara hleypur. Fólk liggur í sárum sínum á götum úti, enginn getur farið til að hjálpa því. Sumir eru undir rústum, og enginn getur komið þeim til hjálpar heldur,“ hefur BBC eftir honum.

Bæði Sameinuðu þjóðirnar og Rauði krossinn hafa skorað á stjórnarherinn að þyrma lífi almennra borgara.

Í yfirlýsingu frá Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, segir hann fréttir af grimmdarverkum gegn almennum borgurum í borginni, þar á meðal börnum og konum, vekja óhug.

Hann tekur fram að Sameinuðu þjóðirnar séu ekki í aðstöðu til að staðfesta hvort þessar frásagnir séu réttar, en bendir á að öllum stríðsaðilum beri skylda til að fylgja alþjóðlegum mannréttinda- og mannúðarlögum: „Þetta er sérstaklega á ábyrgð sýrlensku stjórnarinnar og bandamanna hennar,“ segir í yfirlýsingunni.

**Þetta er sérstaklega á ábyrgð sýrlensku stjórnarinnar og bandamanna hennar.**

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna

Þá kemur einnig fram í tilkynningu frá embætti formanns Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna að alls hafi 82 almennir borgarar verið myrtir á götum úti eða á heimilum sínum á mánudaginn.

Rupert Colville, talsmaður embættisins, sagði að hann hefði fengið afar truflandi fréttir af líkum á götum úti sem ástvinir gætu ekki komið í skjól af ótta við að hljóta sömu örlög. Þá sagði hann ellefu konur og þrettán börn á meðal hinna 82 myrtu. „Þótt einhverjir hafi náð að flýja borgina í gær [á mánudag] voru aðrir gómaðir. Sumir myrtir en aðrir handteknir. Þessa stundina lítur út fyrir að fram fari algjört niðurrif mannúðar í Aleppo,“ sagði Colville í yfirlýsingu í gær.

Mannúðarsamtök á svæðinu, þeirra á meðal Syria Civil Defense, hafa kallað eftir aðstoð alþjóðasamfélagsins við að opna leið út úr borginni svo um hundrað þúsund almennir borgarar og uppreisnarmenn á helstu átakasvæðum borgarinnar geti flúið.

Óljóst var í gær hve stórum hluta




Íbúar í Aleppo hafa margir fagnað sigri stjórnarhersins á uppreisnarmönnum.

NORDICPHOTOS/AFP

## Aleppo að mestu á valdi stjórnarhersins

Stjórnarherinn hefur nú náð völdum í langstærstum hluta Aleppo. Fréttir hafa borist af því að herinn lífláti almenna borgara án dóms og laga.



## Gærdagurinn í Aleppo

- Um hundrað börn sitja föst í byggingu sem lá undir skothrið.
- Stjórnarherinn er sagður ryðjast inn á heimili almennra borgara og myrða íbúa.
- Stjórnarherinn fer með völdin í nærri öllum hverfum borgarinnar.
- Mannúðarsamtök kalla eftir aðstoð svo almennir borgarar geti flúið.

borgarinnar uppreisnarmenn réðu enn yfir, eða höfðust við á, en það var ekki nema brotrot af því svæði sem áður var á þeirra valdi, sem var megnið af austurhluta borgarinnar. Í yfirlýsingu frá rússneska hernum segir að stjórnarherinn fari nú með völdin í 98 prósentum borgarinnar.

Zaid al-Saleh, hershöfðingi í stjórnarhernum, sagði í yfirlýsingu að orrustunni ljúki senn. Þá biðlaði hann til uppreisnarmanna að gefast upp, ella myndu þeir deyja.

thorgnyr@frettabladid.is  
gudsteinn@frettabladid.is

**BLINDRAFÉLAGIÐ**  
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi  
STOFNAD 1939



## VINNINGASKRÁ

Hausthappdrætti 2016. Dregið 12. desember 2016

### 1. vinningur: Opel Mokka Enjoy 1.6L dísel, sjálfskiptur

Verðmæti: 4,590,000 kr. Miði nr. 102645

### 2. vinningur: Opel Astra Innovation 1.6L dísel-túrbó, sjálfskiptur

Verðmæti: 4,090,000 kr. Miði nr. 55565

### 3. vinningur: Open Corsa Enjoy 1.4L bensín, sjálfskiptur

Verðmæti: 2,590,000 kr. Miði nr. 66014

### 4. - 43. vinningur: Ferðavinningur að eigin vali með Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 500.000

13928	40972	52734	70089	83748	103370	121646	139757
16345	43845	59917	74785	88489	104882	122091	142846
22335	44412	60056	75967	88756	110657	128015	145962
27303	47328	60504	81030	95669	111070	130037	149897
28742	50287	64803	81296	95992	118087	133856	153244

### 44. - 93. vinningur: Ferðavinningur að eigin vali með Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 300.000

1554	16215	33325	50776	82526	112133	138434	155338
2416	18443	38520	59847	85187	115385	145005	
3095	22607	39296	60192	86706	117455	145847	
3110	22735	40219	63925	91398	118616	147813	
4761	23752	40704	68201	98037	119905	149589	
12145	24123	44602	71734	101129	120977	150469	
15470	27861	47786	73116	101199	138062	152046	

### 94 - 133 vinningur: Samsung Galaxy Note 7 snjallsími að verðmæti kr. 139.000

2385	15447	35495	47989	59005	78739	106330	123615
7355	16200	39829	48626	63815	92779	117386	147911
9287	17672	39982	49454	65400	97147	117496	152077
11486	26170	42054	53903	75362	101406	119389	152621
12544	32160	44516	55478	78224	104429	121590	155457

### 134 - 193 vinningur: Samsung Galaxy S7 snjallsími að verðmæti kr. 99.900

3935	24157	37449	62228	77911	93661	123966	149372
4804	24425	41297	62838	78645	96850	128392	151283
5281	24676	43072	63440	79474	98502	129352	155242
7571	24921	43540	67412	82985	104274	131906	155343
14571	30307	44020	69474	85716	105316	134005	
15687	32495	49753	73604	88197	115949	147188	
15871	33359	51403	73611	89316	117939	148045	
21078	35900	51477	73663	92832	120844	149073	

### 194 - 263 vinningur: Samsung Galaxy J5 snjallsími að verðmæti kr. 34.900

2319	17021	39112	53975	72268	95929	106985	136061
4717	17625	40579	59188	73927	98269	109466	140061
5208	18758	42157	60983	78750	101847	109752	145533
6493	19429	45914	61239	80111	101990	112706	146122
6664	25960	47091	61257	83225	102971	118547	146284
9805	27234	47780	71343	89907	104748	119804	146613
11662	28492	48755	71417	91385	105077	119906	156763
11687	32676	51432	71547	92729	105101	122789	
12124	34117	53356	72206	94190	106939	124253	

### 264 - 333 vinningur: Samsung Galaxy View WiFi, spjaldtölvu að verðmæti kr. 99.900

2890	14666	43930	62702	74037	82503	108355	129707
4489	16655	44495	62834	75972	83156	108845	131660
8549	22290	51740	63310	76999	84132	114267	132634
11795	28468	52945	64979	80579	91160	115807	135620
12137	29594	55061	69351	81085	94474	115838	139181
12189	35826	55176	69646	82059	96352	120483	140596
12354	38390	58026	70934	82391	99094	120937	145632
13444	39814	58349	72301	82463	99538	120965	
14417	41100	61486	73015	82467	104647	126365	

### 334 - 403 vinningur: Samsung Galaxy Tab S2 WiFi, spjaldtölvu að verðmæti kr. 69.900

671	16644	29455	49362	71707	91922	123395	144138
1867	17526	32284	54849	73130	92266	123484	145356
4652	18279	34252	56056	76262	95525	126642	150936
5546	18471	40929	58854	77533	103402	126728	151023
6988	18586	44553	60238	80069	106710	134147	156587
8339	18774	47269	63589	82356	110170	137292	156662
14375	20538	48059	63714	85240	110995	142771	156828
15075	21704	48504	66829	87324	120838	142929	
15090	25424	49061	71527	89226	121821	143585	

Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindrafélagins, Hamrahlið 17. Upplýsingasími 525 0000. Birt án ábyrgðar

# NÝ PRENTUN KOMIN Í VERSLANIR Ævisaga Ladda

Þróunarsaga mannsins sem kom okkur til að hlæja



Í þessari spennandi, einlægu og á köflum drepfyndnu bók, er sett fram „þróunarkenning“ um manninn, sem kom okkur til að hlæja, rituð af Gísli Rúnari Jónssyni.

„Allt í senn fróðleg, dramatísk, hjartnæm og bráðfyndin lesning. Ég hló og grét á víxl.“

- Edda Björgvinsdóttir leikkona

„Hafi maður elskað leikarann Ladda fyrir lesturinn, elskar maður persónuna Ladda að lestri loknum.“

- Gunnar Helgason leikari & rithöfundur

„Einstök bók. Öðruvísi en allar aðrar ævisögur sem ég hef lesið.“

- Sigurður Sigurjónsson leikari

„Skemmtilega skrifuð bók og fróðleg um drenginn sem við öll elskum.“

- Björn Georg Björnsson leikmyndahönnuður

Betra  
BAK

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

DÚNMJÚKAR GJAFIR  
FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR  
ÞYKIR VÆNST UM



#### TVENNUTILBOÐ

Dúnsæng og dúnkoddi  
60% dúnn, 40% smáfiður.

19.900 kr.

Fullt verð: 29.800 kr.



#### TEMPRAKON HITAJÖFNUNAR-SÆNG

Stærð: 135 x 200 cm. Einnig fánleg  
135 x 220 cm og 200 x 220 cm.  
Fylling: 90% hvítur gæsadúnn.  
Þyngd: 600 g.

44.115 kr.

Fullt verð: 51.900 kr.

TEMPUR-KODDI Í JÓLAPAKKANN FYRIR ÞANN SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNT UM!



20%  
AFSLÁTTUR  
JÓLATILBOÐ!

#### TEMPUR ORIGINAL

Hentar vel þeim sem sofa á hlið og baki.  
Fánlegur S / M / L / XL.

Jólatilboð frá: 14.320 kr.

Fullt verð frá: 17.900 kr.



20%  
AFSLÁTTUR  
JÓLATILBOÐ!

#### TEMPUR TRADITIONAL

Fánlegur mjúkur, miðlungs og  
stífur – sígild þægindi fyrir alla.

Jólatilboð: 15.920 kr.

Fullt verð: 19.900 kr.

#### TEMPRAKON DÚNSOKKAR

Fyrir kalda tær.  
Ótrúlega vinsæl  
jólaljóf.



Jólaverð: 4.990 kr.

Fullt verð: 5.990 kr.



#### BELLA DONNA ALOE VERA LÖK

Dúnmjúk og slitsterk lök sem allir elska,  
fánleg í öllum stærðum og ótal litum.

Verð frá 9.500 kr.



Calvin Klein  
home



KENZO  
MAISON



BOSS  
HUGO BOSS



BADSLOPPAR, VERÐ FRÁ: 25.990 KR.

#### NÝJUNG Í BETRA BAKI

#### SLÖKUN OG VELLÍÐAN

UNDRI heilsuinniskór með  
fimmsvæða nuddinnleggi. Draga úr  
spennu og örva blóðflæði. Skórnir  
eru fallegir, hlýir og einstaklega  
þægilegir. Fánlegir í dökkgrárrí  
eða ljósri Merino-ull.

Komdu og prófaðu!

5  
reflex  
zones

BYLTINGAKENNT  
5 SVÆÐA NUDDINNLEGG



7.900 KR.

#### ÖRVUN MED SVÆÐANUDD- INNLEGGI MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ:

- Auka blóðflæði í höfði;
- Slaka á vöðvum í hnakka;
- Bæta öndun með því að slaka á axlasvæði;
- Samhæfa ósjálfráða taugakerfið;
- Slaka á vöðvum í efri hluta kviðar;
- Bæta virkni meltingarkefisins;
- Bæta blóðflæði í nára.

FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIÐI 1  
Ísafirði  
456 4566

#### AFGREIÐSLUTÍMI

Mán.-fös. 10-18 | Lau. 11-16 | Sun. 13-17  
www.betrabak.is

# BETRA BAK – LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI VERÖLD HVÍLDAR



**15%**  
AFSLÁTTUR  
JÓLATILBOÐ!

Fullt verð: 25.900 kr.

Jólatilboð frá: 22.015 kr.

## RÚMFÖT

**JOOP!**

*elegante*  
bed-linen fashion

**bruno banani**  
NOT FÜR EVERYBODY

**BOSS**  
HUGO BOSS

Calvin Klein  
home

**KENZO**  
MAISON

frá Elegante, Joop, Hugo Boss, Calvin Klein, Kenzo o.fl.

### JÓLATILBOÐ

#### SERTA ROYALTY HEILSURÚM

VERÐÐÆMI: 160 X 200 cm.

Í BOÐI  
VAXTALAUST  
Í 12 MÁNUÐI

14.981 KR. Á MÁN

250.816 KR.\*

313.520 KR.



FÁANLEGT Í STÆRÐUNUM  
160/180X200, 180X210 OG 192X203 CM.

\* Aukahlutur á mynd: höfuðgafli

### STILLANLEGT RÚM

C&J Platinum botn með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm.

Einnig fáanlegt með Tempur dýnum.

442.350 KR.\*

589.800 KR.



\* Aukahlutur á mynd: höfuðgafli

### 15% AFSLÁTTUR

#### TIMEOUT HÆGINDASTÓLL OG SKEMILL

322.980 KR.

379.800 KR.



**Betra**  
**BAK**

# Fjárhagsleg skyndikynni



Hafliði Helgason  
hafli@frettabladid.is

**F**arsæld í fjármálum er ekki háð tekjum í þeim mæli sem margir halda. Mýmörg dæmi má finna um það hvernig fólki með svipaðar tekjur verður mismikið úr ævistarfinu. Auðvitað eru alltaf einhverjir sem vegna veikrar stöðu og áfalla hafa svo lítið á milli handanna að varla dugir fyrir nauðsynjum.

Niðurstaðan ræðst nefnilega ekki síst af hinum endanum; útgjöldunum. Í nútíma samfélagi þar sem aðgengi er að alls konar möguleikum til greiðslufrests eru freistingarnar margar og dýrar.

Í frétt Fréttablaðsins í gær kemur fram að ungt fólk leitar í auknum mæli til umboðsmanns í greiðsluáðlögun vegna neysluskulda. Á sama tíma og heimilin í landinu hafa verið að lækka skuldir eykst vægi þessa hóps.

Umræðan um stöðu ungs fólks hefur beinst að því að sú kynslóð sem nú kemur á vinnumarkað eigi í vandræðum með fyrstu íbúðarkaup. Staðan nú krefst þess að þeir sem kaupa fyrstu íbúð þurfa að ná að byggja upp umtalsvert eigið fé áður en hægt er að stíga fyrstu skrefin. Það reynist mörgum erfitt.

Sá hópur sem þegar er kominn í skuldavandræði vegna neysluskulda áður en hann er í raun kominn með nokkra fjárhagslega ábyrgð mun ekki eiga auðvelt með að koma undir sig fótunum.


Kaupmáttur og almenn efnahagsskilyrði hafa batnað verulega, en samhlíða þeim eykst neyslan og þrýstingur umhverfisins á að kaupa og eiga allt milli himins og jarðar. Hver mælir sig við annan og engu skiptir þá hvort innistæða er fyrir útgjöldunum.

Það er mikill munur á því að njóta stundarinnar eða að sýna fullkomnið fyrirhyggjuleysi í fjármálum. Fjármálalæsi er of lítið meðal fólks og varla væri nokkur sparnaður að ráði til í landinu nema fyrir skylduáðild að lífeyrissjóðum.

Ástæður þessa eru eflaust margvíslegar. Við erum vertíðarfólk í grunninn og von að geta reddað okkur með vinnu út úr ógöngunum. Peninga fóru menn ekki að sjá að ráði fyrr en eftir seinna stríð og verðbólga og sveiflur í gengi krónunnar hafa kennt okkur að neyta á meðan á nefinu stendur.

Ráðdeild og sparnaður hefur alltaf þótt fremur hallærislegt í íslensku samfélagi og ekki síst hjá ungu fólki sem gjarnan vill lifa eins og enginn sé morgundagurinn. En morgundagurinn kemur og það sem verra er – skuldadagarnir.

Fólk verður að bera ábyrgð á sjálfu sér, en mikilvægt er að skólakerfið búi fólk undir að verða ábyrgir, fjárhagslega sjálfstæðir einstaklingar. Fjármálafyrirtæki bera líka ábyrgð. Stærri fjármálafyrirtæki horfa á viðskiptavininn sem langtíma kúna. Á undanfönum árum hafa sprottið upp fyrirtæki sem leita fyrst og fremst að fjárhagslegum skyndikynnum við ungt fólk og steypa þeim í skuldir sem þau hafa ekki bolmagn til að greiða. Það er óábyrgt og þarf að setja hömlur á.



Ráðdeild og sparnaður hefur alltaf þótt fremur hallærislegt í íslensku samfélagi og ekki síst hjá ungu fólki sem gjarnan vill lifa eins og enginn sé morgundagurinn. En morgundagurinn kemur og það sem verra er – skuldadagarnir.

Halldór



## Frá degi til dags

**Vonlaust frá upphafi** Viðræður fimm stjórnmalaflokka, undir stjórn Pirata, um myndun ríkisstjórnar sigldu í strand í gær. Rætt er um ágreining um skatta en Vinstri græn munu hafa viljað endurvekja auðlegðarskatt og sykurskatt. Á hinum endanum er Viðreisn sem hefur á að skipa þingmönnum sem áður unnu við að gæta hagsmuna atvinnurekenda og iðnrekenda auk þingmanns sem telur skattlagningu til ofbeldisverka. Og þá má spyrja hvort það hafi þurft að rabba saman í heila viku til þess að sannreyna að þessir flokkar ættu enga samleið í ríkisstjórn.

**Hugtakanotkunin** Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pirata, lætur engan bilbug á sér finna þótt siglt hafi í strand. Af ummælum hennar að dæma virðist hún bara nokkuð sátt þótt ekki hafi tekist að mynda nýja ríkisstjórn. „Nú fer þingið með völdin og fyrir þingræðisfólk eins og okkur Pirata eru það frábærar fréttir,“ er haft eftir Birgittu í fjölmiðlum. Hingað til hefur hugtakið þingræði vísað til þeirrar stöðu þegar í landinu situr ríkisstjórn sem nýtur stuðnings meirihluta þingmanna á Alþingi. Því er rétt að spyrja sig hvort starfandi ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafi borist óvæntur stuðningur frá Pirötum. Eða hvort Birgitta fari hreinlega svolitíð frjálsega með hugtök. jonhakon@frettabladid.is

## Árangur í jafnréttismálum er ekki tilviljun




Lilja Alfreðsdóttir  
utanríkisráðherra

Jafnréttismál eru meðal forgangsmála Íslands á alþjóðavettvangi. Það kom því fáum á óvart að jafnréttismál væru sett á oddinn þegar Ísland tók við forystu EFTA um mitt árið og einsetti sér að ná árangri áður en árið væri á enda. Það er gaman frá því að segja að samstarfsríki okkar innan EFTA hafa sannarlega lagt á árarar með okkur. Þau hafa samþykkt drög að jafnréttisstefnu fyrir samtökin og stefnt er að því að afgreiða hana fyrir júl. Þá hefur reglum um feðraorlof verið breytt, þannig að feður í hópi starfsmanna EFTA fá átta vikna orlof vegna fæðingar barns. Slíkt er langt því frá algilt á vettvangi alþjóðastofnana.

Árangur Íslands í jafnréttismálum kemur oft til umræðu með fulltrúum erlendra þjóða enda staða kvenna sterkari hér en í flestum öðrum löndum þótt enn sé talsvert verk óunnid. Barátta einstaklinga og félagsamtaka hefur skilað miklu og stjórnvöld hafa tekið mikilvægar stefnumótandi ákvarðanir, bæði sveitarstjórnir og Alþingi. Uppbygging leikskóla og niðurgreiðsla á dagvistun er ein slík, sem okkur þykir sjálfsgöð en er nánast óhugsandi í mörgum löndum. Okkur þykir sjálfsgöð að gefa öllum börnum tækifæri á að dvelja og þroskast á leikskólum og skapa tækifæri fyrir báða foreldra að vinna úti, kjósi þeir svo. Viða erlendis er það nær útilokað, þar sem kostnaður við dagvistun er gríðarlegur. Við þær aðstæður kemur það oftar en ekki í hlut móðurinnar að vinna heima, sem dregur úr áhrifum kvenna á vinnumarkaði, þátttöku í stjórnárum og þar með þátttöku í ákvarðanatöku um samfélagsumgjörðina. Með því förum við mikils á mis.

Í telfni alþjóðadags kvenna í mars birti timaritíð Economist glerþaks-vísitöluna fyrir 2016. Vísitalan byggir á gögnum OECD og Evrópuráðsins og sýnir hvar í heiminum konur eigi mesta möguleika á jöfnum tækifærum á vinnumarkaði. Ísland trónir á toppnum, á undan Noregi, Svíþjóð og Finnlandi sem skipa næstu þrjú sæti. Norðurlöndin eiga það sameiginlegt að hafa unnið skipulega og markvísst að bættri stöðu kvenna. Röðun landanna á toppi glerþaks-vísitölnnar er því engin tilviljun.



Árangur Íslands í jafnréttismálum kemur oft til umræðu með fulltrúum erlendra þjóða.

**Þriðja** er smart við Smáralind, situr þar og gleður. Þú að versla, þú á mynd, þegar að hún hleður.



Í Smáralind er ein af 13 hraðhleðslustöðvum ON.

**on**  
ORKA NÁTTÚRUNNAR



# Hver segir dómáranum að hann sé vanhæfur?



Sverrir Ólafsson  
prófessor  
í verkfræði

Að undanförunu hefur mikið verið rætt um mögulegt vanhæfi hæstaréttardómarans Markúsar Sigurbjörnssonar vegna eignarhluta hans í Glitni og hlutverks hans sem dómara í málum tengdum Glitni, bæði fyrir og eftir hrun. Dómarinn átti umtalsverðan hlut í Glitni, sem hann seldi árið 2007. Peningarnir sem hann losaði við kaupin, ásamt viðbót, fjárfesti hann í tveimur sjóðum hjá Glitni. Seinni hluta árs 2008, stuttu fyrir þjóðnýtingu Glitnis, seldi dómarinn hluta af eignarhlutdeild sinni í þessum sjóðum, en sat enn uppi með talsverðan eignarhlut þegar lokað var fyrir viðskipti í sjóðunum 29. september 2008. Samkvæmt athugun Viðskiptablaðsins (12. des. 2016) má gera ráð fyrir að dómarinn hafi orðið fyrir 7 til 10 milljóna króna tapi vegna fjárfestinga sinna í þessum tveimur sjóðum.

Undanfarin ár hefur mikillar reiði gætt í íslensku samfélagi í garð föllnu bankanna og háttsettra starfsmanna þeirra. Þessi gremja er fyrst og fremst komin til af því að fjöldi einstaklinga hefur orðið fyrir miklu tjóni í kjölfar hrunsins, m.a. vegna gifurlegrar hækunar afborgana af húsnæðis-

lánnum, atvinnumissis og eignatjóns af margvislegum toga, m.a. á formi hlutabréfa, skuldabréfa, peningamarkaðssjóða og jafnvel húsnæðismissis. Með því að verða fyrir tjóni upp á margar milljónir er dómarinn Markús Sigurbjörnsson í hópi þeirra sem urðu fyrir verulegum skakkaföllum á síðustu dögum og vikum fyrir hrun. Þrátt fyrir þetta er ekki vitað til þess að hann hafi nokkru sinni lýst sig vanhæfan til að dæma í málum sem tengjast Glitni.

Vanhæfi til að dæma í málum sem tengjast Glitni, þarf m.a. að meta út frá þeirri atburðarás sem lýst hefur verið hér að ofan. „Reglur um aukastörf héraðs- og hæstaréttardómara og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum“ setja kvöð á dómara um að þeir tilkynni nefnd um dómastörf um ákveðin aukastörf þeirra og eignir. Í 6. gr. ofanefndra reglna segir: „Skýlt er dómara að tilkynna nefnd um dómastörf um eignarhlut sinn í félagi, sem hefur skráð gengi í verðbréfavíðskiptum, sé hann að verðmæti allt að 3.000.000 króna. Leita skal heimildar nefndarinnar sé eignarhlutur dómara í félagi umfram þau mörk sem greinir að framan.“

Upphaflega var óljóst hvort dómarinn hafði sinnt því að tilkynna eignarhluti sína í Glitni til nefndarinnar, þangað til annar dómarari og fyrrverandi starfsfélagi hans upplýsti að hann hafi fundið bréf frá Markúsi í skjalakassa sem hann hafði enn í förum sínum eftir að hafa verið formaður nefndar um dómastörf frá 1998 til 2010. Hins

vegar virðist engin skrifleg heimild frá nefndinni liggja fyrir. Svo virðist sem vinnubrögð nefndarinnar hafi verið nokkuð losaraleg og er vart hægt að sakast við Markús um það. Hann virðist þó hafa starfað án skriflegrar heimildar nefndarinnar, þar sem eignarhlutur hans var vel yfir 3.000.000 króna mörkunum.

Hæfi dómara ræðst vissulega ekki af því einu hvort hann upplýsi nefnd um dómastörf um sín aukastörf eða eignarhluti í félögum, né hvort nefndin veitir honum skriflega heimild. Svo notast sé við orð dómans sjálfs þá snýr hæfi dómara „miklu fremur að því hvort ytri atvik eða aðstæður, sem eru öðrum sýnilegar, gefi réttmæt tilefni til að efast um óhlutdrægni hans. Þessi staða getur til dæmis verið uppi ef dómari er hluthafi í félagi, sem er aðili að máli og úrlausn þess gæti haft áhrif á fjárhag félagsins.“

Markús var einn dómara í þremur málum sem höfðu voru gegn Glitni fyrir hrun, á þeim tíma sem hann var hluthafi í bankanum. Þessum þremur málum var öllum vísað frá. Eftir hrun, þegar dómarinn hafði tapað 7-10 m. kr. við fall Glitnis, dæmdi hann í s.k. BK-44 máli þar sem fjórir sakborningar hlutu samtals 13 ára fangelsisdóma, þar af Birkir Kristinsson í fjögur ár. Þrátt fyrir þetta segist Markús ávallt hafa gætt að hæfi sínu og telur sig ekki hafa verið vanhæfan í þessum málum.

**Alvarlegt dómgreindarleysi**  
Hvernig sem lítið er á þetta mál, fæ ég ekki betur séð en að hér sé



Ég tel að nú reyni á þá aðila innan stjórnislu – og réttarkerfisins sem í alvöru vilja stuðla að meiri heiðarleika og bættu gagnsæi í dómskerfinu. Hver hefur kjark til að taka nauðsynleg skref í þá átt?


um alvarlegt dómgreindarleysi að ræða af hálfu þessa dómara. Málið snýst ekki einungis um „ytri atvik eða aðstæður, sem eru öðrum sýnilegar“, eins og segir í texta dómans hér að ofan. Það snýst um það hvort hann hafði eignarstöðu í bréfum Glitnis og þar af leiðandi hagsmunum sem tengdust hagsmunum bankans, jafnvel þótt enginn nema hann sjálfur hafi vitað af því. Honum sjálfum ber að gæta að hæfi sínu til að dæma í einstökum málum.

Mál þessa dómara, eins og því var lýst í Kastljósi nýlega, er vitanlega algjört hneykslismál. Í hnotskurn, dómari, sem orðið hefur fyrir miklu tjóni vegna eignarhalds síns í sjóðum Glitnis, situr sem dómari í máli gegn fyrrverandi starfsmönnum bankans, sem höfðu starfað í þeirri deild bankans sem sá um einkabankaþjónustuna sem dómarinn naut, og dæmir þá til margra ára fangelsisvistar. Getur

nokkurri heiðarlegru og sanngjarnri manneskju fundist þetta fyrirkomulag í lagi? Matið á hæfi dómans er vitanlega alveg óháð því hvort dómurinn reynist, í einhverjum óskilgreindum skilningi, réttur eða rangur.

Þegar við litum á málið í heild sinni þá snýst þetta ekki nema að takmörkuðu leyti um það hvort dómarinn hafi tilkynnt nefnd um dómastörf um eignarhlut sinn í Glitni eða sjóðum stýrt af Glitni, eða hvort nefndin hafi veitt honum heimild til að sitja sem dómari, sem hún virðist ekki hafa gert. Þetta snýst um það að dómarinn sá sjálfur enga ástæðu til að efast um hæfi sitt, hvorki fyrir né eftir hrun, jafnvel þó hann hafi átt hagsmuna að gæta sem tengdust hagsmunum bankans, sem hann átti umtalsverðan eignarhlut í fyrir hrun. Í slíkum tilfellum þarf að taka fram fyrir hendur á dómurum, sem hafa sýnt slíkt dómgreindarleysi. Spurningin er einfaldlega – hver á að gera það? Ég tel að nú reyni á þá aðila innan stjórnislu- og réttarkerfisins sem í alvöru vilja stuðla að meiri heiðarleika og bættu gagnsæi í dómskerfinu. Hver hefur kjark til að taka nauðsynleg skref í þá átt? Sjálfum þætti mér ekki óeðlilegt ef Lögmannafélagið eða Dómarafélag Íslands tjáðu sig um þetta alvarlega mál. Nýlega sagði Skúli Magnússon, formaður Dómarafélags Íslands: „Við erum að reyna að vinna að því að dómstólar landsins njóti trausts.“ Betur má ef duga skal – og ef til vill þarf aðstoð að koma frá innanríkisráðuneytinu. Kallað er eftir aðgerðum.

## Nýju lögin um TR eru meingölluð



Björgvin Sigurðsson  
viðskiptafræðingur

Nýju lögin um almannatryggingar, sem samþykkt voru á Alþingi á lokadögum þingsins fyrir þingslit sl. haust, eru meingölluð. Stærsti gallinn er sá, að lífeyrir aldraðra og öryrkja, sem einungis hafa lífeyri frá TR, dugar ekki til framfærslu.

Annar stór galli á nýju lögunum er sá, að skerðing tryggingalífeyris vegna greiðslna úr lífeyrissjóði og vegna tekna af atvinnu og fjármagni eru alltof miklar. Einkum kvarta eldri borgarar mikið vegna aukinna skerðinga af völdum atvinnutekna. Þeir segja, að það sé verið að flæma þá af vinnu- markaðnum enda þótt fráfarandi ríkisstjórn hafi sagt, að hún vildi greiða fyrir atvinnuþátttöku eldri borgara. En gert var þveröfugt: Frítækjumark vegna atvinnutekna var lækkað úr 109 þúsund á mánuði í 25 þúsund á mánuði.

Óánægja vegna skerðinga af völdum lífeyrissjóða er einnig mikil en sjóðfélagar eru orðnir dofdir vegna áratuga skerðinga á lífeyri þeirra; þar er um að ræða skerðingu (hálfgerða eignaupptöku) vegna lífeyris, sem eldri borgarar eiga í lífeyrissjóðunum og fá greiddan. Það er dregið aðeins úr þessum skerðingum í nýju lögunum en það er ekki nóg; það á að afnema skerðingarnar alveg. Það er krafa Félags eldri borgara í Reykjavík og það er krafa mín. Það verður enginn friður fyrr en stjórnvöld verða við þessari kröfu. Ríkið hrifsar óbeint mikinn hluta lífeyrissparnaðar aldraðra með skerðingum og sköttum. Það er óásættanlegt.



Ríkið hrifsar óbeint mikinn hluta lífeyrissparnaðar aldraðra með skerðingum og sköttum. Það er óásættanlegt.

### Klúður

Öll framganga fráfarandi félagsmálaráðherra og ríkisstjórnar í sambandi við nýju lögin um TR hefur verið eitt klúður. Upphaflega var frumvarp um lögin lagt fram án nokkurrar hækunar lífeyris þeirra, sem höfðu einungis lífeyri frá TR. Það var m.ö.o. lagt til, að lífeyrir þessa fólks héldist áfram við fátæktarmörk! Öll frítækjumörk voru afnumin í upphaflegu frumvarpi og skerðingarhlutfall 45%.

Vegna mikilla mótmæla eldri borgara lét ríkisstjórnin undan og hækkaði lífeyri þeirra verst stöddu meðal aldraðra og öryrkja lítills háttar og jafnframt var þá tekið upp 25 þús. kr. frítækjumark vegna allra tekna. Það þýddi lækun á frítækjumarki vegna atvinnutekna úr 109 þúsund á mánuði í 25 þúsund á mánuði. Enn meira klúður var vegna öryrkja. Vegna þess, að öryrkjar voru ekki tilbúnir að samþykkja starfsgetumat ætlaði ríkisstjórnin upphaflega ekki að hækka lífeyri öryrkja um eina krónu en féll síðan frá því og ákvað að hækka lífeyri öryrkja með framfærsluupp- bót. Framfærsluuppbotin verður síðan skert um krónu á móti krónu við minnstu tekjur sem öryrkjar afla sér. Þannig er öryrkjum og öldruðum mismunað, þar eð krónu á móti krónu skerðingin er afnumin hjá öldruðum.

Óperukór Mosfellsbæjar  
ásamt  
sönghópnum Boudoir  
og Mosfellsbræðrum

Á hæstri hátíð nú

Jólatónleikar

Flutt verður kantatan  
Sjá, himins opnast hlið  
eftir kórstjórnann

ásamt  
jólalögum úr ýmsum áttum

Píanó: Renata Iván  
Þverflauta: Guðrún Birgisdóttir  
Óbó: Matthías Birgir Nardeau  
Lágfiðla: Ásdís Runólfssdóttir  
Selló: Kristín Lárusdóttir

Stjórnandi: Julian Michael Hewlett

í Fella- og Hólakirkju  
15. desember, kl. 20:00  
3.000 kr.

JÓNSSON & LEIMACHS • HÍLIS • SÍA



Raumgestalt bretti  
Verð frá 2.980 kr.

**kokka**  
laugavegi 47

laugavegi 47 | www.kokka.is | kokka@kokka.is



Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**

Bros auglýsingavörur,  
Norðlingabraut 14.

**BROS**  
AUGLÝSINGAVÖRUR  
— með þínu merki



**MOMO**  
TÍSKUVÖRUVÆSLUN

Geislaborg 1 | 210 Geislabær | www.momo.is | t: 588-2880

Þarftu að ráða?  
Iðnaðarmann  
Bílstjóra  
Bifvélavirkja  
Þjónustufólk  
Öryggisvörð  
Lagerstarfsmann  
Matreiðslumann

**elja**  
Starfsmannþjónusta

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS



## Opið bréf til forseta Íslands



Þorvaldur  
Þorvaldsson  
formaður Alþýðu-  
fylkingarinnar

Herra forseti Íslands.  
Í ljósi þess vandræðagangs sem einkennir tilraunir þeirra flokka sem sitja á Alþingi til að reyna að mynda ríkisstjórn viljum við hvetja þig til að leita til Alþýðufylkingarinnar og veita henni umboð til myndunar utanþingsstjórnar.

Núverandi stjórnarkreppa varpar ljósi á djúpstæða kreppu í samfélaginu. Þó að mikið sé talað um efnahagslegt góðæri, nær það aðeins til lítils hluta þjóðarinnar. Auk þess blasir við að þegar næsta efnahagsbólga springur verður það að óbreyttu enn á ný hinn fátæki skari sem verður látinn bera byrðarnar.

Öll stjórnsmál í nútíma samfélagi snúast um það hvort áhersla er lögð á félagslegar lausnir eða hvort markaður kapitalismans er látinn um að móta efnahagslífið og skiptingu samfélagslegra gæða. Undanfarna áratugi hefur markaðshyggjan stuðlað að ört vaxandi ójöfnuði á Íslandi og auknu braski á kostnað verðmætasköpunar. Þess vegna er nauðsynlegt að vinna ofan af markaðsvæðingunni með auknu vægi félagslegra lausna til að koma á jafn-

vægi og meiri jöfnuði í samfélaginu.

Alþýðufylkingin kom til nýliðinna kosninga með itarlega stefnuskrá, Fjögurra ára áætlun Alþýðufylkingarinnar, sem byggðist á áformum um félagsvæðingu innviða samfélagsins þar sem lykilatriði er að fjármálakerfið verði rekið félagslega, til að það hætti að draga til sín öll tiltæk verðmæti í samfélaginu og svelt þannig velferðina og aðra mikilvæga þjónustu við almennig.

Aðrir flokkar hafa ýmist sett fram óljósar og samhengislausar hugmyndir eða eru beinlínis handbendi auðstéttarinnar svo hún geti haldið áfram að raka saman gróða á kostnað alþýðunnar. Þess vegna geta þeir ekki komið sér saman um lausnir á aðstæðandi vandamálum, enda vilja þeir ekki ráðast að orsökum þeirra.

Í samfélaginu er uppi hávær og réttmæt krafa um eflingu heilbrigðiskerfisins og menntakerfisins. Heilbrigðiskerfið hefur verið svelt um árabil og verulegt átak þarf til að það rétti úr kútnum. Bæði þarf að koma til aukin félagsvæðing og þar með betri nýting fjármuna og einnig veruleg aukning fjárveitinga. Menntakerfið hefur verið fjársvelt lengi og stendur frammi fyrir alvarlegum vanda. Nauðsynlegt er að verja auknu fé til skólanna og gripa til margvíslegra úrræða til að afstýra vaxandi kennaraskorti, sem getur varað lengi að óbreyttu.

Ýmsir flokkar taka undir nauðsyn þess að taka á þessum vandamálum, en Alþýðufylkingin ein



Í ljósi þess vandræðagangs sem einkennir tilraunir þeirra flokka sem sitja á Alþingi til að reyna að mynda ríkisstjórn viljum við hvetja þig til að leita til Alþýðufylkingarinnar og veita henni umboð til myndunar utanþingsstjórnar.

hefur haldið á lofti nauðsyn þess að sækja peningana þangað sem þeir eru í raun og koma í veg fyrir að fjármálafáældi í landinu hafi opinn aðgang að því að féfletta samfélagi gegnum fjármálakerfið og aðrar samsteypur auðstéttarinnar. Án umbóta af þessu tagi verður velferðin ætíð afgangsstærð eftir að auðmenn hafa fleytt rjómann, og hreks inn í vítahring einkavæðingar og niðurskurðar, hvað sem líður fögrum áformum.

Forsetinn er kosinn af þjóðinni og er æðsti trúnaðarmaður hennar. Ábyrgð hans hnigur því að hagsmunum þjóðarinnar og auknum lífsgæðum hennar. Í ljósi þess áréttum við hvatningu um að Alþýðufylkingunni verði falið að mynda utanþingsstjórn til að koma á jafnvægi og auknum jöfnuði í íslensku samfélagi.

## Ánægður yfirdýralæknir



Árni Stefán  
Arnason  
lögfræðingur

Þegar Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi landbúnaðarráðherra, mælti fyrir frumvarpi að dýravelferðarlögum, síðar samþykkt og tóku gildi 1. janúar 2014, mælti hann í þessum dúr úr ræðupólti þingsins: „enginn afsláttur verður gefinn á velferð dýra“.

Í tíð eldri laga var eftirliti „hent“ á milli stofnana af fákunnáttu þáverandi ráðherra, sem málaflökkurinn dýraværnd heyrði undir. Engin stofnun náði valdi á verkefninu.

Í meðferð þess frumvarps sem varð að núgildandi dýravelferðarlögum voru menn stóryrtir um ágæti þess að loksins væri nú fundin stofnun og þekking, Matvælastofnun (MAST), sem tilvalið væri að fela eftirlit með dýravelferð. Engu að síður var bent á það í innsendu

erindi á meðan á meðferð frumvarpsins stóð í nefnd að óheppilegt væri að eftirlit með dýravelferð væri falið MAST og það rökstutt m.a. með tilvísun í að eftirlit af hálfu opinberrar stofnunar með velferð dýra hefði ætíð misheppnast. Eftirlit af hálfu sjálfstæðs aðila eins og tíðkast t.d. í lifrænni framleiðslu væri eina örugga leiðin til að tryggja vandað og áreiðanlegt eftirlit. Þá var lagt til, í sama erindi, að farin væri sú leið að hér yrði stofnuð dýralögregla að hætti annarra þjóða og heppnast hefur vel, m.a. hjá Norðmönnum.

Ýmsir þættir valda því að ekki er hægt að treysta opinberri stofnun fyrir eftirliti með dýravelferð og er einn þeirra sá að hér þekkjast allir alla eins og gjarnan er sagt um Íslendinga. Samtrygging hér mikil og þekkt.

Samkvæmt fréttum RÚV fagnar yfirdýralæknir því nú að ráðherra hefur ákveðið að gera úttekt á starfsháttum MAST varðandi dýraeftirlitsþáttinn. Það gerir ráðherrann ekki að ástæðulausu! Brúneggjamálið og svínamálið haustið 2015 hafa laskað orðspor forstjóra MAST og yfirdýralæknis veru-

lega. Það sem verra er er að slæma orðsporin kemur niður á öðrum framúrskarandi starfsmönnum MAST, sem ekkert koma nálægt velferðarmálum dýra. Ef eftirlit hefði verið með réttum hætti hjá MAST hefði hvorugt fyrrnefnt mál komið upp. Framleiðendur, sem og allir aðrir er halda búfé hefðu frá gildistöku laganna átt að vera undir smásjá MAST enda gefa ákvæði dýravelferðarlaga ástæðu til þess. Kröfur um velferð dýra eru þar miklar um bættan aðbúnað og meðferð og í ljósi sögu dýraværndar á Íslandi hefði MAST þegar við gildistöku laganna átt að bretta upp ermarnar og lögnum væri fylgt eftir. Það gerði MAST ekki og því lentu vesalings dýrin í báðum umræddum málum í þeim pytti þjáninga, sem skrifast aðeins á þrjá aðila: Skeytingarlausu umráðamenn og forstjóra MAST og yfirdýralæknir í eftirlitsbrúnni.

Forstjóri MAST og yfirdýralæknir ættu báðir að sjá sóma sinn í að víkja í ljósi þess sem upp hefur komið og best væri að eftirlitið færi til sjálfstæðs, óháðs og metnaðarfulls aðila.

# AEG

## ÞVOTTAVÉLAR



# NÝ MÓDEL

# ÁRGERÐ 2017

### ÞVOTTAVÉL L7FB840E

Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar.  
Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótör.  
Íslensk notendahandbók.

**Kr. 119.900,-**

**ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ**

**3 ÁRA ÁBYRGÐ**

**10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR**

### ÞVOTTAVÉL

L7FBM826E

Tekur 8 kg af þvotti. 1600 snúningar.  
Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótör.  
Íslensk notendahandbók.

**Kr. 139.900,-**



## AEG

### ÞURRKARI - BARKALOUS

T61271AC

Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

**Kr. 89.900,-**



## AEG

### ÞURRKARI - BARKALOUS

T76280AC

Barkarlaus þurrkari með rakaskynjara. Tekur 8 kg. af þvotti. Ný ryðfrí tromla sem minnkar slit og snýst í báðar áttir.

**Kr. 99.900,-**



## AEG

### UPPÞVOTTAVÉL

F66692MOP

Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 43db með 7 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Kr. 99.900,-**  
STÁL **Kr. 109.900,-**



## AEG

### UPPÞVOTTAVÉL

FSILENCM2P

Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 39db með 6 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Kr. 79.900,-**  
STÁL **Kr. 89.900,-**



## AEG

### Lilleput

m/hleðslurafhloðu

**Kr. 3.990,-**

## AEG

### EQUIPT

**Kr. 13.900,-**



## AEG

### CE4120

**Kr. 17.900,-**



## AEG

### Skaftryksuga

m/Lithium rafhlöðu  
**Kr. 29.900,-**



## AEG

### Ultra Silencer

**Kr. 36.900,-**



NÝR VEFUR

Netverslun

ORMSSON.IS



Opnunartímar:

Laugardag kl. 11-16

Sunnudag kl. 13-17

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800



ORMSSON

Greiðslukjör

Vaxtalaust  
í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NEKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	---	--	---	--	------------------------------------	--

Í Kaplakrika fimmtudaginn 15. desember kl. 19:30

færir **RioTinto Alcan** ykkur...



**BARÁTTUNA  
UM FJÖRÐINNI  
HAUGAR**

Húsið opnar 18:30  
Grillaðir gæðaborgarar á góðu verði  
Fjölskylduskemmtun eins og hún gerist best!  
FRÍTT INN Í BOÐI **RioTinto Alcan**

## Fyrsta tap Arsenal í fimmtán leikjum



Á flugi Alexis Sanchez fagnar hér fyrir Arsenal gegn Everton í gær en það dugði ekki til því Everton vann 2-1. Engelsmeistarar Leicester töpuðu svo fyrir Bournemouth, 1-0. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Ekki hægt að fá mikið betri viðurkenningu

Gunnhildur Gunnarsdóttir, fyrirliði Snæfells og íslenska landsliðsins, var valin Körfuknattleikskona ársins 2016 af KKÍ. Hún rauf þar með 11 ára einokun Helenu Sverrisdóttur á þessum titli. Hún vill sjá Snæfell spila betur á næsta ári.

**KÖRFUBOLTI** „Ég held að það sé ekki hægt að fá mikið betri viðurkenningu en þetta. Ég er mjög ánægð og finnst þetta vera flott viðurkenning,“ sagði Gunnhildur Gunnarsdóttir, nýkrýnd Körfuknattleikskona ársins, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Þessi verðlaun setja punktinn fyrir aftan frábært ár hjá Gunnhildi. Hún er fyrirliði Snæfells sem varð Íslands- og bikarmeistari og var valin í úrvalslíð Domino's-deildar kvenna og besti varnarmaðurinn á lokahófi KKÍ. Þá er hún í stóru hlutverki í íslenska landsliðinu sem vann m.a. frækinn sigur á Ungverjum í febrúar. Gunnhildur tók svo við fyrirliðabandinu hjá íslenska landsliðinu eftir að Helena Sverrisdóttir dró sig í hlé vegna barneigna.

„Ég hugsa að þetta sé mitt besta ár. Við vorum með góðan hóp og gott lið, ég er ekkert ein í þessu. Ég átti mitt besta ár, ekki bara í tölum heldur einnig á vellinum og sem leiðtogi, sem er kannski mitt helsta mottó,“ sagði hin 26 ára gamla Gunnhildur.

Það leynir sér ekki að Gunnhildur gengur ekki alveg heil til skógar þrátt fyrir að hún spili nánast alla

leiki. Hún vill þó ekki gera mikið úr meiðslunum sem hún hefur glímt við að undanförunu.

„Ég hef átt í einhverjum meiðslum en það reddast allt. Ég get hugsað um það þegar ég verð gömul,“ sagði Gunnhildur sem vill ekki meina að hún og Berglind, systir hennar og liðsfélagi hjá Snæfelli og landsliðinu, séu með hærri sársaukaþröskuld en gengur og gerist.

„Nei, nei, við erum bara með mikið keppnisþæg og það kemur þér ansi langt. Þegar mikið er undir læturðu ekki meiðsli stoppa þig,“ sagði Gunnhildur.

Þegar 12 umferðir eru búnar af Domino's deildinni situr Snæfell í 2. sæti með 16 stig, fjórum stigum á eftir toppliði Keflavíkur. Gunnhildur kveðst nokkuð sátt við stöðuna, sérstaklega í ljósi þess hvernig Snæfell hefur spilað á tímabilinu.

„Það er ekkert að því að vera í 2. sæti og liðin eru mjög svipuð. En við erum ekki ánægð með liðið okkar og

framlag leikmanna. Það er margt sem við þurfum að bæta og við þurfum að koma okkur í betra stand og spila betur,“ sagði Gunnhildur.

„Það er engin krísa þótt við séum að tapa leikjum, það fer enginn í gegnum heilt tímabil án þess að tapa. En ég væri þá til í að tapa eftir góðan leik hjá okkur og vegna þess að hin liðin voru betri. Við höfum ekki náð okkur nægilega vel á strik og eigum mikið inni,“ bætti Körfuknattleikskona ársins við.

ingvithor@365.is



Gunnhildur á ferðinni með Snæfelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Martin bestur

Martin Hermannsson var valinn Körfuknattleiksmaður ársins 2016 af KKÍ. Þetta er í fyrsta sinn sem hann fær þessa viðurkenningu. Martin átti frábært ár með LIU Brooklyn háskólanum og franska B-deildarliðinu Charle-




ville-Mézères sem hann gekk til liðs við í sumar. Martin er t.a.m. í hópi stigahæstu leikmanna frönsku deildarinnar. Þá var hann í stóru hlutverki í íslenska landsliðinu sem tryggði sér sæti í lokakeppni EM, EuroBasket 2017.

**2 MIÐAR Á EM  
1 TREYJA  
1 KEPPNISBOLTI**

Allir sem kaupa miða eða hafa keypt miða á EM, EuroBasket 2017, sem fram fer í Finnlandi næsta haust, fyrir 16. desember fara í pott. Einn heppinn miðaeigandi fær 2 miða endurgreidda auk þess að fá nýjan landsliðsbúning Íslands og EM keppnisboltann að auki.

Miðasalan fer fram á [www.tix.is](http://www.tix.is)

Sjá nánar á [kki.is](http://kki.is)



  
**ROLEX**  
OYSTER PERPETUAL  
YACHT-MASTER 40



  
**MICHELSEN**  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - [www.michelsen.is](http://www.michelsen.is)

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 14. desember 2016

48. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

## Sextíu milljóna króna viðsnúningur

Valgeir Magnússon, framkvæmdastjóri PIPAR\TBWA, segir rekstur auglýsingastofu eitt það erfiðasta sem hægt er að fara út í. Fyrirtækið gekk í gegnum flókna sameiningu fyrir tveimur árum en sér nú fram á góðan hagnað. »4



Gefðu góða gjöf  
um jólin!



Oakley hjálmur,  
svartir, hvítir, rauðir,  
kr. 25.900

Oakley skíðagleraugu,  
margar gerðir, kr. 7.800

  
**OAKLEY**

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

  
KEFLAVÍK  
FÉLAGSVERUR



Sjálffkeyrandi bíll sem Google hefur verið að þróa. NORDICPHOTOS/AFP

## Google hættir þróun sjálffkeyrandi bíla

Tæknirísinn Google hefur hætt að þróa sinn eigin sjálffkeyrandi bíl. Þess í stað mun fyrirtækið einbeita sér að því að vinna með hefðbundnum bílaframleiðendum til að þróa slíka bíla. Frá þessu er greint á tæknifrættisíðunni The Information.

Sjálfstýringarverkefni Google, Chauffeur, er sagt vinna að því með bílaframleiðendum að þróa bíla með afmarkaða sjálfstýringu. Ekki er stefnt að því í bráð að losa bílana alveg við stýri og fetla. Nú þegar er unnið að slíkri útgáfu af bifreiðum Fiat Chrysler, en um það var tilkynnt í maí síðastliðnum.

Fram að þessu hefur Google unnið að þróun eigin sjálffkeyrandi bíls og hefur fyrirtækið prufukeyrt

slíka bíla rúmlega þrjár milljónir kílómetra. Hins vegar er sagt að forstjóranum, Larry Page, hafi fundist sú nálgun óhagkvæm. Sergey Brin, sem stofnaði Google með Page, er sagður ósammála.

Þrátt fyrir það segir í frétt Information að Google hyggist enn þróa áfram sjálffkeyrandi leigubílaþjónustu og á fyrirtækið von á því að hún verði opin neytendum fyrir árslok 2017.

Hins vegar er Google ekki eina fyrirtækið með slík áform og eru önnur fyrirtæki komin lengra á þeirri vegferð. Uber prufar nú slíka þjónustu í Pittsburgh í Bandaríkjunum og það gerir fyrirtækið nuTonomy einnig í Singapúr og Boston. – þea



Michael Porter var gestur á síðustu What Works ráðstefnu, en hann er einn þekktasti fræðimaður á sviði viðskipta í heiminum og eftirsóttur fyrirlesari um allan heim. Vonir aðstandenda ráðstefnunnar standa til þess að hún verði árlegur viðburður og mótvægi við ráðstefnuna í Davos þar sem leiðtogar í heimi viðskipta- og efnahagslífs hittast árlega. MYND/ANTON BRINK

## Mótvægið við Davos í Reykjavík í vor

Ákveðið hefur verið að Reykjavík verði í annað sinn vettvangur alþjóðlegrar ráðstefnu þar sem saman koma helstu leiðtogar úr háskólum, stjórnámum og viðskiptalífi heimsins. Áherslan er á að skoða hvað stuðli að velliðan þegna ríkja. Ráðstefnan er hugsuð sem mótvægi við áherslur árlegrar ráðstefnu í Davos þar sem einblínt er á hagstærðir og efnahagsskipan.

Í apríl næstkomandi verður Reykjavík annað árið í röð vettvangur stórrar alþjóðlegrar ráðstefnu um hvaða aðferðir gefast best til að efla félagslegar framfarir. Síðastliðið vor var Harvard-prófessorinn Michael Porter aðalframsögumaður ráðstefnunnar, sem kallast What Works og fór fram í Hörpu.

Til grundvallar er mælikvarðinn um félagslegar framfarir (Social Progress Index), sem er nýleg aðferð til að mæla hagsæld þjóða. Mælikvarðinn er tekinn saman af stofnuninni Social Progress Imperative sem hefur aðsetur í Washington og London. „Við vonum svo sannarlega að þetta sé komið til að vera,“ segir Rósbjörg Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Cognito og fulltrúi SPI á Íslandi sem hefur veg og vanda af ráð-

stefnunni hér á landi. Hún segir að á ráðstefnuna sé von á helstu leiðtogum úr háskólum, stjórnámum og viðskiptalífi heimsins á sviði samkeppnishæfni þjóða og stefnumótunar. Endanlegur listi fyrirlesara liggur ekki fyrir, en búast má við að þungavigtarfólk í fræðum, stjórnámum og viðskiptum mæti á ráðstefnuna sem mun standa í þrjá daga.

What Works ráðstefnan er hugsuð sem ákveðið mótvægi við hina árlegu Davos-ráðstefnu þar sem athyglin er fyrst og fremst á hagstærðir og efnahagsskipan þjóða í stað þess að skoða hvað það er sem stuðlar að því að þegnum líði vel í heild. Rósbjörg segir þetta brennandi málefni á tímum þegar óvissa á heimsvísu fari vaxandi í stjórnámum, efnahagsmálum og samfélagsmálum. „Hugmynda-

fræðin að baki SPI-mælikvarðanum er að setja á oddinn það sem skiptir tilveru fólks mestu máli, þar á meðal er aðgangur að heilsugæslu, menntun, hagkvæmu húsnæði og staða jafnréttismála og trúfrelsis,“ segir Rósbjörg.

Hún segir að ástæða þess að Reykjavík hafi orðið fyrir valinu sé sterk staða Íslands á listanum. „Ísland hefur verið í úrvalsflokki.“

Auk framsöguerinda og skoðunar á dæmum um vel heppnaðar aðgerðir, verða opnar umræður og vinnuhópar á ráðstefnunni. Þátttakendur munu kynna nýjum aðferðum og lausnum sem stuðla að félagslegum framförum. Bak-hjarlar ráðstefnunnar eru innlendir og erlendir, en meðal íslenskra bakhjarla eru forsætisráðuneytið, Arion banki og Deloitte. [hafliði@frettabladid.is](mailto:hafliði@frettabladid.is)

### Vikan sem leið

# 57

dóllarar

Oliuverð tók kipp á mánudag og náði Brent hráoliuverð hæstu hæðum frá júlí 2015, eða 57,89 dóllurum á tunnu, en lækkaði svo fyrir lok dags í 56,55 dollara. Um var að ræða 4,1 pró-sents hækkan yfir daginn. Rekja má hækkanina til þess að á laugardaginn lofuðu oliuriki utan OPEC að draga saman framleiðslu um 558 þúsund tonn á dag.

# 40%

með kreditkorti

Gera má því ráð fyrir að rúmlega helmingur kaupa íslenskra heimila á vöru og þjónustu hafi verið staðgreiddur á árinu 2014 samkvæmt tölum Seðlabankans. Hinn hluti kaupanna eða yfir 40 prósent var greiddur með kreditkorti – sem er hærra hlutfall en hjá öllum þeim 20 Evrópulöndum sem Seðlabankinn notar til samanburðar.

### MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang [ritstjorn@markadurinn.is](mailto:ritstjorn@markadurinn.is) | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón **Hafliði Helgason** [hafliði@365.is](mailto:hafliði@365.is)

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar [auglysingar@markadurinn.is](mailto:auglysingar@markadurinn.is) Veffang [visir.is](http://visir.is)

## merking

....framleiðir

....Vörur úr plexigleri ....

Viðarhöfða 4 [www.merking.is](http://www.merking.is) Sími: 562-7044

### Á döfinni

Miðvikudagur 14. desember

SEÐLABANKI ÍSLANDS

- Vaxtaákvörðun

Fimmtudagur 15. desember

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Afli erlendra ríkja við Ísland 2014 og heimsaflinn 2014

Mánudagur 19. desember

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir janúar 2017

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Samræmd vísitala neysliverðs í nóvember 2016

Þriðjudagur 20. desember

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgar-

svæðinu

Miðvikudagur 21. desember

HAGSTOFU ÍSLANDS

- Mánaðarleg launavísitala í nóvember 2016

HAGSTOFU ÍSLANDS

- Greiðsluþjónunarvísitala í janúar 2017

HAGSTOFU ÍSLANDS

- Vísitala kaupmáttar launa í nóvember 2016

HAGSTOFU ÍSLANDS

- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í nóvember 2016

HAGSTOFU ÍSLANDS

- Vinnurmarkaður í nóvember 2016

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

- Vísitala leiguverðs á höfuðborgar-

svæðinu

Fimmtudagur 22. desember

HAGSTOFU ÍSLANDS

- Nýskráningar og gjaldþrot hlutfélaganna og einkahlutfélaganna í nóvember 2016

HAGSTOFU ÍSLANDS

- Vísitala framleiðsluverðs í nóvember 2016

HAGSTOFU ÍSLANDS

- Vísitala neysliverðs í desember 2016

keldan  
dátatal viðskiptalífsins



BODY  
BALANCE  
JAFNVÆGIS-  
SETA

**20%**  
**103.000 KR.**  
ÁÐUR 129.000 KR.

**Topstar** LADY SITNESS DELUXE

Snúningstóll hannaður fyrir konur með jafnvægissetu og baki sem hleypir út líkamshita. Netabak sem hleypir út líkamshita ásamt sérstökum púðum í mjóbaki fyrir aukinn stuðning. Seta sem aðlagar sig að líkamsþyngd. Hæðarstillanlegir armar með mjúkum púðum. Smekkleig seta úr pólýamíð.



**30%**  
**90.000 KR.**  
ÁÐUR 128.700 KR.

**Topstar** COMMANDER

Gæða skrifborðsstóll, hentar bæði fyrir heimili eða skrifstofu. Hæðarstillanleg seta hæð 44–56cm. Dýpt setu 45cm. breidd setu 45cm. Bakið er 51 cm og heildarhæð 97–111 cm. Hægt að stilla halla og dýpt setu. Mótstöðustilling fyrir mismunandi þyngd. Fastir chrome-armar.



**Topstar** SITNESS® 20

Sitness 20 er sveigjanlegur heilsukollur á dekki. Sitness 20 er hannaður af svissneska hönnuðinum Thomas Walsler til að stuðla að réttri líkamsstöðu þegar setið er og vera þægilegur og skemtilegur á sama tíma. Litir: Blár, grár, rauður, græn, fjólublár, gulur eða svartur. Hæðarstillanleg seta, 60–80 cm. Breidd setu 41 cm.

**30%**  
**29.900 KR.**  
ÁÐUR 42.700 KR.



**tvillum** prima

Hæðarstillanleg rafmagnsborð Vönduð dönsk skrifborð frá Tvillum, sterk filma sem endist mjög vel og upplitast ekki. Rafknúinir hæðarstillanlegir fætur, hæð 65–116 cm.

VERÐ FRÁ  
**56.000 KR.**



**tvillum** prima

Gæða skrifstofuhúsgögn frá danska framleiðandanum Tvillum. Hillur, skápar, borð o.fl. til að lífga upp á starfsumhverfið og bæta vinnuaðstöðuna. Margir litir og fjölbreytt áferð, hröð og örugg afgreiðsla, hagkvæmt verð



**BIOCRYSTAL**

BioCrystal tæknin og Sleepad – náttúrulegur og nærandi stuðningur við ótruflaðan svefn, byggir upp kraft og þú endurheimtir meiri orku á meðan þú hvílir.

BioCrystal-blandan er sérstök kristalblanda í undirdýnum frá BioCrystal Technologies. 16 mismunandi kristaltegundir mynda uppistöðuna í blöndunni ásamt ýmsum steinefnum, gulli og silfri. Þessi þróaða blanda hefur þau áhrif að notandinn hvílir betur, endurnærir og nær meiri líkamsorku úr svefni en áður. Prófaðu BioCrystal og þú munt uppgötva nýjan kraft sem þig hafði ekki dreymt um áður.

VERÐ FRÁ  
**34.900 KR.**

[www.biocrystal.eu](http://www.biocrystal.eu)

Mán.-fim.: 9-18 Síðumúla 37  
Fös.: 9-16 564 5040  
Laugard. 13-16 [hirzlan.is](http://hirzlan.is)  
f Hirzlan

**Hirzlan**



Valgeir Magnússon, framkvæmdastjóri PIPAR\TBWA, stofnaði auglýsingastofu árið 1994 og hefur komið víða við á rúmlega tuttugu ára ferli sínum í auglýsingabransanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Við erum alltaf að finna upp hjólið

Valgeir Magnússon hefur verið í auglýsingabransanum í yfir tvo áratugi. Hann rekur auglýsingastofuna PIPAR\TBWA sem er ein stærsta stofa landsins. Stofan gekk fyrir tveimur árum í gegnum erfiða sameiningu, en viðsnúningur hefur orðið á rekstrinum í ár. Valgeir segir ástandið á auglýsingastofum ekki vera eins og síðustu árin í aðdraganda hrunsins. Nú þurfi að blanda saman fjölda miðla.

Sæunn  
Gísladóttir  
saeunn@frettabladid.is



Það eru fleiri leiðir til að ná til fólks núna og það þarf að fara fleiri leiðir. Það er engin leið lengur sem nær til allra eins og einu sinni var. Nú þarf að blanda mörgum leiðum saman. Rekstur auglýsingastofu í dag er miklu flóknari en fyrir tíu árum. Ég held að svona rekstur sé eitt það flóknasta sem þú getur farið í. En ég er einn af þeim sem þrífast á spennunni, hugmyndunum og breytingunum.“ Þetta segir Valgeir Magnússon, framkvæmdastjóri aug-

lýsingastofunnar PIPAR\TBWA.

Valgeir hefur verið í auglýsingabransanum í langan tíma en hann stofnaði auglýsingastofu sína fyrir 22 árum. „Við Sigurður Hlökkversson (Siggí Hlökk) stofnuðum litla auglýsingastofu árið 1994. Við mættum á árhátíð auglýsingastofa þó að við værum bara tveir og settum okkur það markmið að verða stór auglýsingastofa. Síðan þá hefur maður þaufast í gegnum þetta. Það er ekki hægt að segja að þetta fyrirtæki sé 22 ára gamalt því það hefur gerst svo margt á leiðinni. Það er eins og að segja hvar byrjar áin. Við erum samt enn þá á kennitölunni sem við Siggí lögðum af stað með, sem er gömul kennitala frá afa mínum. Við fengum hana í veganesti þegar

við lögðum af stað,“ segir Valgeir.

„Ef þú kemst af stað í þessum geira þá er hann ávanabindandi. Þú virðist ekki vilja yfirgefa auglýsingabransann ef þú ert búinn að setja þig inn í hann, það er ákveðinn lífsstíll. En þeir sem komast ekki inn í hann hrökklast út. Margir sem starfa hér hafa unnið lengi hér eða í geiranum – allt upp í 25 ár.“

**Erfið sameining**

PIPAR\TBWA er ein stærsta auglýsingastofa landsins og hefur sameinast nokkrum fyrirtækjum á síðustu áratugum. Nú síðast Fítón sumarið 2014. Að sögn Valgeirs reyndist síðasta sameiningin erfiðari en hann hafði gert ráð fyrir. „Það voru 48 manns hjá Pipar og 40 hjá Fítón.



Það sem mun þó aldrei breytast held ég er að hugmyndavinna er alltaf grunnurinn.

Þetta voru því 88 manns í heildina og það er nokkuð gefin staðreynd að 80 manna auglýsingastofa á Íslandi gengur líklega ekki upp. Við byrjuðum strax að selja starfsfólki á Silent, dótturfélagi okkar, reksturinn og höfum verið í góðu sam-

bandi við þau síðan. Við höfum svo verið að straumlínulaga reksturinn mikið síðan. Þar höfum við verið að fara yfir alla ferla og ábyrgð á verkum. Þar var lyklatríði í framlegðaraukningu að færri tímar endi í ruslinu vegna betra flæðis,“ segir Valgeir.

Hann segir að sameiningin hafi verið mjög erfið. „Við höldum að við værum að fara út í miklu auðveldara verkefni. Það sem var flóknast var að sameina þessa tvo menningarheima. Það var erfiðt að koma því heim og saman að fólk hefði sameiginlega sýn á þetta,“ segir Valgeir.

Í dag eru starfsmenn Pipars 52 og tekist hefur að móta nokkuð skýra framtíðarsýn að sögn Valgeirs. Viðsnúningur hefur orðið í rekstri á



## GOTT AÐ SYNGJA Í DESEMBER

Söngkonan **Margrét Eir heldur** jólatónleika í kvöld í Guðríðarkirkju ásamt þeim Daða og Berki Hrafni Birgissonum. Stemningin verður lágstemmd og hátíðleg eins og jóla söngkonunnar sjálfar.

Lilja Björk Hauksdóttir  
liljabjork@365.is



Stór hluti landsmanna var vanur því um árabíl að söngkonan Margrét Eir syngi jólin inn í hjórtu þeirra á jólatónleikum Frostrósa. Að þessu sinni heldur hún sjálf ferna jólatónleika ásamt þeim Berki Hrafni og Daða Birgissonum. Fyrstu tónleikarnir verða í Guðríðarkirkju í kvöld klukkan átta. Margrét segir tónleikagesti mega búast við hugljúfri hátíðarstemningu. „Við verðum bara þrjú, við Daði og Börkur sem spila á píanó og gítar. Tónleikarnir verða í lágstemmdari kantinum en það er ekki þar með sagt að það verði ekki léttmeti inn á milli,“ segir Margrét og brosir. Hún bætir við að tónleikarnir verði eins og jólin hennar sem hún reynir að hafa róleg og hátíðleg.

### LÖGIN HÉÐAN OG ÞAÐAN

Margrét flytur vetrar- og jólalög úr ýmsum áttum og valdi hún lögin sem hún syngur með það í huga að þau töluðu á einhvern hátt til hennar. „Lögin endurspeglu hvernig ég upplifi jólin í sálartetrinu. Það verður hátíðarbragur á þessu og ég flyt lög sem eru svolítið öðruvísi, lög sem ég hef verið að hlusta á sjálf. Meðal annars þjóðlög sem ég hef fengið íslenska texta við og hafa ekki heyrst áður.“

Aðspurð um sitt uppáhaldsjólaálög nefnir Margrét nokkur til sögunnar. „Það er eitt lag sem ég syng á tónleikumum sem er í miklu uppáhaldi. Það heitir á frummálinu What Child

Is This og heitir líka Greensleeves. Þetta er þjóðlag sem allir þekkja og leikkonan Unnur Ösp gerði fallegan íslenskan texta við það og heitir í hennar þýðingu Jólanótt. Mér finnst æðislegt að syngja það og syng það mjög oft yfir jólin. Svo er Helga nótt alltaf hittari,“ segir hún í léttum dúr og bætir við að eitt lag í viðbót sé komið í uppáhaldsflokkinn. „Það er gamalt breskt þjóðlag sem heitir The Snow It Melts the Soonest sem Jökull Jörgensen gerði íslenskan texta við fyrir mig sem heitir Mærin tign. Ég heyrði þetta á jólaþlötum sem Sting gerði og er mjög flott.“

### AÐVENTUBARN FREKAR EN JÓLABARN

Eins og áður segir hefur Margrét eiginlega alltaf verið með á jólatónleikum Frostrósa en síðustu tónleikar þeirra voru haldnir árið 2013. Margrét hélt jólatónleika í sama dúr og núna fyrir þremur árum í Hafnarfirði. „Svo fór ég í felur en fannst óþarfi að vera þar eitthvað mikið lengur. Ég var með Frostrósunum í mörg ár og fann hvað jólatónleikar voru sterkur hluti af mér. Mér fannst eiginlega skrítið að vera ekki með. Mér finnst svo gott og gaman að syngja í desember. Það skiptir mig máli tilfinningalega, mér finnst gott að fylgjast með fólki halla sér aftur á tónleikum og loka augunum og geta kúplað sig út úr stressinu.“

Þegar Margrét er spurð hvort hún sé jólabarn segist hún vera meira adventubarn en jólabarn. „Jú, ég get reyndar sagt að ég sé jólabarn líka en ég er ekki með neina þráhyggju fyrir jólunum. Það er til



Margrét Eir verður með jólatónleika í Guðríðarkirkju í kvöld. Um helgina verða tónleikarnir á Hólmavík, Sauðárkróki og í Reykholti og lofar Margrét kósi stemningu. MYND/GVA

dæmis alveg harðbannað að hengja upp jólaskraut fyrir en um miðjan desember, ég er ekki komin í stemninguna fyrir. Ein vinkona mín kemur upp með kassann um miðjan nóvember og mér finnst það alveg ómögulegt,“ segir hún og hlær dátt.

### EITTHVAÐ SEM KEMUR Á ÓVART

Í samstarfi við þá Viðar Gunnarsson og Rögnvald Valbergsson, organista og kórstjórnanda, ætla þau


Margrét, Börkur og Daði einnig að halda tónleikana á Hólmavík, Sauðárkróki og í Reykholti. Kirkjukórur á hverjum stað verða sérstakir gestir á tónleikumum ásamt öðrum góðum gestum. „Við Viðar vorum að spila saman í brúðkaupi í sumar og þá kom þessi hugmynd um tónleika með kórnum upp en Viðar er með kóra á Hólmavík og í Reykholti. Svo er ég mikið á Sauðárkróki hjá tengdafjölskyldunni og hann Rögnvaldur þar er algjört yndi.

Margrét talar um að á tónleikumum í kvöld verði boðið upp á sérstaka dagskrá sem komi mörgum á óvart. Hún vill þó ekki gefa mikið upp um hvað það verður. „Er ekki alltaf gaman að láta koma sér aðeins á óvart?“ segir hún og hlær. Hún nefnir þó að frændi hennar, Ágúst Ólafsson barítónsöngvari, verði með henni í kvöld. „Mér finnst alltaf mjög gaman að fá Ágúst frænda til að syngja með mér.“

## KOMIÐ Í VERSLANIR

KRAKKA ALIAS ER ÞROSKANDI OG SKEMMTILEGT SPIL SEM FÆR KRAKKA TIL AÐ LEIKA OG TALA SAMAN.





Á HVERJU LIGGJA EKKI VORAR GÖFUGU KELLÍNGAR

[BÓKMENNING ÍSLENSKRA KVENNA FRÁ MIÐÖLDUM FRAM Á 18. ÖLD]

GUÐRÓN INGÓLFSDÓTTIR

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN

Tilnefning

Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellíngar

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N

haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003



Stórsveitin Samúel Jón Samúelsson Big Band heldur uppi jólafjörinu á Kexi Hosteli á morgun. MYND/SPESSI



KAFFI RÚBLAN

Laugavegi 18 upp í bókabúð Máls og menningar

Skatan er komin á Sjávarbarinn!



**2 FYRIR 1**

Skótuveisla 3.600 kr. fyrir tvo til og með 16. des.

Klipptu flípann út og taktu með þér.

Erum byrjuð að framreiða ilmandi skótu með öllu tilheyrandi. Alla daga fram að jólum.

Afsláttur fyrir hópa. Pantanir í síma 517 3131 og 696 5900.

**SJÁVARBARIINN**

SEAFOOD RESTAURANT

Sjávarbarinn – Grandagarði 9 – sjavarbarinn.is

ISSKÁPA STRAÐ



MIDVIKUDAGA KL. 19:50

HAGKAUP

# FÖNKIÐ OG JÓLIN PASSA VEL SAMAN

Jólatónleikarnir Have a Funky KEXMas verða á Kexi Hosteli á morgun, fimmtudag. Þar mun stórsveitin Samúel Jón Samúelsson Big Band leika jólalög í fönkstíl og ekki er meiningin að taka sig of alvarlega.

Starri Freyr Jónsson

starri@365.is



Árlegir jólatónleikar stórsveitarinnar Samúel Jón Samúelsson Big Band verða á Kexi Hosteli á morgun, fimmtudag. Tónleikarnir, sem bera nafnið Have a Funky KEXMas, eru nú haldnir annað árið í röð en tónleikarnir í fyrra þóttu heppnast einstaklega vel enda var stemningin þá frábær að sögn Samúels, leiðtoga sveitarinnar.

Eins og nafn tónleikanna gefur til kynna verða flutt jólalög í fönkstíl en inn á milli munu læðast nokkur laga sveitarinnar. „Fönkið og jólin passa svo vel saman, eins og flís af feitum sauð við rass. Annars erum við ekkert að taka okkur of alvarlega heldur ætlum fyrst og fremst að bjóða upp á skemmtilega kvöldstund á Kexi Hosteli. Á efnisskrá kvöldsins verða fyrst og fremst jólalög en hugsanlega slæðist eitthvað úr okkar eigin ranni með. En aðallega verður þetta létt og afslappað hjá sveitinni.“

## GÖMUL HUGMYND

Gestir geta búist við miklu fjöri enda er stórsveitin skipuð flestum af færustu og fjögugustu tónlistarmönnum landsins sem spila tónlist sem þeir skilgreina sem blöndu af frumlegri frumsaminni fönkstíl undir áhrifum frá nigerísku afróbíti, eþíópískum djassi, brasilískum sambatöktum, bandarísku fönki og stórsveitardjassi í bland við íslenska þrjósku eyjarskeggja. „Þetta verður svo sannarlega ekki hefðbundin jólasíbylja sem allir eru fyrir löngu komnir með upp í kok af, líkt og hljómar í verslunarmiðstöðvum og á topp-20 listum í útvarpinu. Við erum að leika okkur með jólaformatið og gerum að okkar.“

Þótt fyrstu jólatónleikar sveitarinnar hafi verið haldnir á síðasta ári hefur Samúel lengi gengið með hugmyndina í maganum.



Samúel í góðri sveiflu á síðustu Have a Funky KEXMas tónleikum. MYND/SPESSI

Þetta verður svo sannarlega ekki hefðbundin jólasíbylja sem allir eru fyrir löngu komnir með upp í kok af, líkt og hljómar í verslunarmiðstöðvum og á topp-20 listum í útvarpinu. Samúel Jón Samúelsson

„Árið 2003 gerði ég mixtape sem hét Funky Christmas Party og gaf vinum og vandamönnum í jólagjöf. Árið 2013 gerði ég svo útgáfu nr. 2 og í fyrra kýldi ég svo á að setja þetta upp sem tónleika á Kexi Hosteli. Auk tónleikanna hef ég einnig sett upp nokkur óformleg dj-kvöld með sama sniði og hef í hyggju að þróa þessa hugmynd á komandi árum sem lifandi viðburð með dj-um og góðum gestum.“

## NÝTT EFNI VÆNTANLEGT

Og talandi um góða gesti. Á tónleikunum í fyrra komu góðir gestir fram með stórsveitinni og tóku nokkur lög. „Við munum einnig bjóða upp á leynigesti á tónleikunum á fimmtudaginn. Hverjir það

verða verður bara að koma í ljós. Sjón er sögu ríkari og heyrn jafnvel betri.“

Samúel Jón Samúelsson Big Band hefur gefið út fjórar hljómplötur, Legoland árið 2000, Fnyk árið 2007, Helvítis Fokking Funk árið 2010 og 4 hliðar sem kom út árið 2012. „Ég er um þessar mundir að semja efni fyrir nýja plötu sem hefur verið að gerjast síðan 4 hliðar kom út. Hún kemur vonandi út árið 2017 og þá munum við láta í okkur heyra.“

Tónleikarnir verða á Kexi Hosteli á morgun, fimmtudag, og hefjast kl. 21. Ókeypis er inn á tónleikana. Nánari upplýsingar má finna á Facebook (Kexi Hostel og Samúel Jón Samúelsson Big Band).

## FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ

sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson  
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357  
SÖLUMENN: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

# Jólagjöf grillmeistarans

LED útisería að verðmæti kr. 8990 fylgir öllum grillum fram að jólum

Niðurfellanleg hliðarborð

www.grillbudin.is

10,5 KW

FULLT VERÐ 98.900

**79.900**

afsláttur 19.000

- Orka 10,5KW = 36.000 BTU
- 2 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi sem skapar einstaklega jafnan hita
- Kveiking í öllum tökkum
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Postulínsemalerað efri grind
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Nr. 12931

VELDU GRILL SEM ENDAST OG ÞÚ SPARAR

14,8 KW

FULLT VERÐ 124.900

**99.900**

afsláttur 25.000

- Orka 14,8KW = 50.500 BTU
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi sem skapar einstaklega jafnan hita
- Kveiking í öllum rofum
- Gashella - Efri grind
- Bakki fyrir fitu - Hitamælir

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Nr. 12961

TEST WINNER!

Landmann gasgrill Avalon 5 brennara

22,8 KW

FULLT VERÐ 239.900

**199.900**

afsláttur 40.000

- Orka 22,8 KW = 78.000 BTU
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Innrauður ofurbrennari fyrir hina fullkomu steik
- Grillgrindur úr pottjárni
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Grillteinn og bakkbrenna
- Gashella

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Nr. 12794

TEST WINNER!

Landmann gasgrill Avalon 4ra brennara

18,7 KW

FULLT VERÐ 159.900

**119.900**

afsláttur 40.000

- Orka 18,7 KW = 64.000 BTU
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Postulínsemalerað efri grind
- Rafkveikja
- Gashella
- Auðveld þrif

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Nr. 12792

www.grillbudin.is

Práðlaus kjöthitamælir Bæði fyrir grill og ofna

FULLT VERÐ 7.990

**4.990**

afsláttur 44%

Stiltu á kjöttegund og steikingu. Mælirinn lætur vita þegar maturinn er tilbúinn

LANDMANN

15" Pizzusteinn

FULLT VERÐ 8.990

**5.990**

afsláttur 44%

Fyrir grill og ofna

Spaði og skeri fylgja

LANDMANN

LED ljós fyrir grillið

FULLT VERÐ 4.990

**3.990**

Nú er ekkert mál að grilla allt árið Öflugt ljós með 10 LED ljósum Festist á handfang grillsins 360 gráðu snúningur

LANDMANN

Hamborgarapressa Gerðu þína eigin hamborgara

FULLT VERÐ 2.490

**1.990**

LANDMANN

Kjúklingastandur Eldaðu safaríkan kjúkling

FULLT VERÐ 3.990

**2.990**

Hentar bæði fyrir grill og ofna

LANDMANN

Reykbox Gefðu matnum einstakt bragð

FULLT VERÐ 3.990

**2.990**

LANDMANN

Reykofn Reykofninn er gaskynntur sem gerir það mögulegt að kaldreykja við lægra hitastig Mismunandi reykspæninir gefa fjölbreytta möguleika fyrir bragðlaukana

FULLT VERÐ 54.900

**44.900**

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Ferðagasgrill Þetta afmikla 2ja brennara verðlaunagrill er nú á frábæru jólatilboði

FULLT VERÐ 49.900

**39.900**

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Niðurfellanleg hliðarborð Gasgrill

FULLT VERÐ 49.900

**39.900**

- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Postulínsemalerað grillgrindur
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Kveiking í öllum tökkum
- Hitamælir í loki
- Postulínsemalerað efri grind
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu

3ja brennara

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Komdu og fáðu ráðleggingar

**Grillbúðin**

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Opið alla daga til jóla | www.grillbudin.is

# GULLS ÍGILDI AÐ LÆRA AF REYNDUM LÆKNUM

„Læknar eru að mínu mati almennt ánægðir með læknisfræðinámið og hefur það komið vel út á alþjóðlegum stöðlum,“ segir Valgerður Bjarnadóttir, formaður Félags læknanna, og útskýrir að námið sé uppbyggt þannig að fyrstu þrjú árin einkennist aðallega af fræðilegu námi og síðari þrjú af verknámi á heilbrigðisstofnunum. „Styrkleikar námsins felast meðal annars í mörgum góðum kennurum, öflugum vísindastarfi og gæðum verknámsins og hlutfallslega miklu verknámi. Í verknáminu hafa læknar tækifæri til að kynna fjölbreyttum tilfellum og læra af sérfræðilæknum en Ísland sker sig úr mörgum öðrum löndum hvað nálægð milli sérfræðinga og læknanna varðar. Það er gulls ígildi að læra af reyndum læknum,“ segir hún.

## ÁSTRÁÐUR, BJARGRÁÐUR OG HUGRÚN

Valgerður segir að einnig fari fram fjölbreytt nám utan veggja skólans og spítalans. „Meðal annars í þeim verkefnum á vegum læknanna er tengjast samfélagslegri ábyrgð. Þar má nefna Bangaspítalann sem læknar árlega á annað þúsund bangsa og einnig ýmis fræðslu- og forvarnarfélög er standa fyrir fyrirlestrum í framhalds- og grunnskólum. Elst af þeim félögum er Ástráður sem fræðir nemendur víðs vegar um landið um kynheilbrigði. Árið 2013 bættist við félagið Bjargráður sem kennir skyndihjálp og endurlíf og er umfang þeirrar fræðslu stöðugt að aukast. Nýjasta félagið var stofnað á þessu ári og heitir Hugrún. Það er samstarfsverkefni læknanna, hjúkrunarfræðinanna og sálfræðinanna og hefur að mark-

“ Í verknáminu hafa læknar tækifæri til að kynna fjölbreyttum tilfellum og læra af sérfræðilæknum en Ísland sker sig úr mörgum öðrum löndum hvað nálægð milli sérfræðinga og læknanna varðar.

Valgerður Bjarnadóttir

miði að fræða íslensk ungmenni um geðheilbrigði. Það er afar lærdómsríkt fyrir nemendur að taka þátt í verkefnum sem þessum.“

## ÁKALL UM FJÖLBREYTTARI KENNSLUHÆTTI

En er eitthvað sem betur má fara? „Baráttumál læknanna varðandi kennslumál eru ekki ósvipuð baráttumálum annarra nema við Háskóla Íslands. Ákall um fjölbreyttari kennsluhætti, svo sem vandamálaaðaða nálgun, vendikennslu og hermikennslu einkennir þá umræðu. Þá er mikilvægt að láta fyrri þrjú árin og þau seinni styðja vel við hvert annað, þ.e. að fræðilega námið sé góður undirbúningur fyrir það verklega og að í verknáminu nái nemendur aftur að auka skilning sinn á fræðunum. Það eru ýmsar hugmyndir í deigluinni um hvernig megi bæta þetta,“ svarar Valgerður.



Magnús Karl Magnússon, prófessor og forseti Læknadeildar HÍ, og Valgerður Bjarnadóttir, formaður Félags læknanna. Læknadeild HÍ og Félag læknanna standa fyrir málþinginu sem fram fer á föstudag. MYND/GVA

# LÆKNANÁM Á ÍSLANDI Í 140 ÁR

Málþing um 140 ára afmæli læknánáms á Íslandi verður haldið í Öskju föstudaginn 16. desember. Læknadeild Háskóla Íslands og Félag læknanna standa fyrir viðburðinum. Þar verður meðal annars fjallað um aðdraganda og upphaf Læknaskólans en Magnús Karl Magnússon, prófessor og forseti læknadeildar, fer hér yfir söguna í stórum dráttum.

Sólveig Gísladóttir  
solveig@365.is



„Upp úr miðri 19. öld var læknaskortur mikill í landinu. Enginn stundaði læknánám á Íslandi, fáir Íslendingar lögðu land undir fót til að nema læknisfræði og enn færri sneru heim með gráðu í farteskinu. Drátt fyrir að stjórnvöld ívilnuðu að ýmsu leyti Íslendingum sem vildu leggja stund á læknánám ytra, voru aðeins tólf sem luku læknaprófi í Kaupmannahöfn fyrstu sex áratugi aldarinnar og fjórir þeirra ílentust ytra.“ Þannig lýsir Magnús stöðunni um það leyti sem nýr landlæknir, Jón Hjaltalín (1807-1882), tók við embætti árið 1855 en Jón Thorstensen, þáverandi landlæknir, hafði sýnt innlendri læknakennslu lítinn áhuga.

## METNAÐARFULLUR JÓN HJALTALÍN

„Jón Hjaltalín beitti sér fyrir því að nýendurreist Alþingi samþykkti bænaskrá til konungs um stofnun læknaskóla á Íslandi. Þegar þeirri beiðni var hafnað gafst Jón Hjaltalín ekki upp og sótti fast að taka upp eldri sið og fá leyfi til þess að landlæknir mætti mennta unga sveina til læknaprófs,“ lýsir Magnús en það leyfi fékkst árið 1862. „Hófst þá uppbygging læknánáms með fjölbreyttu og metnaðarfullu námi, þar sem kennd voru meðal annars líkskurðarfræði, lífs- og eðlisfræði, sjúkdómafræði, handlæknisfræði, yfirsetukvennafræði, chemie, heilbrigðisfræði, meðalaverkunarfræði og fleiri greinar.“

Þetta metnaðarfulla starf Jóns Hjaltalíns þótti sýna fram á getu Íslendinga til að mennta lækna og á næsta hálfu öðrum áratug lögðu þrettán ungir menn stund á nám

og útskrifuðust sem kandiðatar. Þar með var konungi ekki lengur stætt að neita kröfum Íslendinga um stofnun læknaskóla. „Árið 1876 var Læknaskóli Reykjavíkur því stofnaður með konungsbréfi og eru því 140 ár liðin frá stofnun læknaskóla á Íslandi í ár.“

## LÍK ÞÓRÐAR MALAKOFF

Í upphafi voru ráðnir þrjár kennarar og fyrstu árin var skólinn rekinn í Sjúkrahúsi Reykjavíkur við enda Aðalstrætis en flutti síðar í Þingholtin í hús sem nú kallast Farsóttarhúsið. „Metnaður var mikill en stundum var erfitt að fá þann efnivið er til þurfti. Þannig var ávallt skortur á líkum til líkskurðarkennslu og er fræg sagan af Þórði malakoff Árnasyni, þekktum brennivínsberserk í borginni, sem seldi lík sitt Læknaskólanum með fyrirframgreiðslu og tórði svo árum saman læknanemum og kennurum skólans til nokkurs ama. Þegar Þórður malakoff loks dó árið 1897 var umtalað að læknar hafi tekið svo „sleitilega og frómlega“ til verks að dómkirkjuprestur hafi flutt líkræðu yfir nánast tómrri kistunni,“ segir Magnús glettinn.

Á þeim 35 árum sem Læknaskólinn starfaði jókst kennarafjöldinn úr þremur í átta og alls útskrifuðust 62 kandiðatar frá skólanum. Læknaskóli Reykjavíkur var síðan ein grunnstoð í stofnun Háskóla Íslands árið 1911 og hófst þá nýr kafli í læknánámi á Íslandi.

## HEILDARENDURSKOÐUN Á LÆKNANÁMI

Magnús segir mikið hafa breyst á þeim 140 árum sem liðin eru frá upphafi læknánáms á Íslandi og enn sé mikil þróun fram undan. „Á þessu afmælisári er að hefjast heildarendurskoðun á læknánámi

til að bregðast við auknum kröfum um gæði náms og til að undirbúa nýja kynslóð lækna fyrir þær fjölmörgu áskoranir sem við okkur blasa,“ segir Magnús en í nýlegri sjálfsmatskýrslu læknadeildarinnar voru greind þau atriði í náminu sem bæta má. „Endurskoðun á læknánámi mun leitast við að tengja enn betur saman grunnnám og klínískt nám, auka verulega á fjölbreytni kennsluáferða, auka möguleika á rannsóknarnámi, svo sem samtengdu lækna- og doktorsnámi. Einnig verður hugað að því að mennta enn frekar þá lækna sem samfélagið þarfnast, svo sem með aukinni áherslu á heilsugæslu, persónumiðaða læknisfræði og heilsu aldrafara.“

Í sjálfsmatskýrslunni komu einnig í ljós atriði sem læknadeild getur verið stolt af að sögn Magnúsar. „Til dæmis eru yfir 90 prósent nemenda í heildina ánægð með nám sitt. Þá eiga íslenskir læknar greiða leið í sérnám til bestu sjúkrahúsa austan hafs og vestan,“ upplýsir Magnús. Hann tekur dæmi um að íslenskir nemendur taki bandarískt stöðupróf í lok náms og nái frábærum árangri, skori að meðaltali 80-82 stig en meðaltal bandarískra læknanna á lokaári sé 75 stig.

„Á þessum tímamótum í læknánámi á Íslandi væri engin betri afmælisgjöf en að stjórnvöld vöknðu úr dvala og svöruðu ákalli háskólayfirvalda og samfélags um stórukin fjárframlög til að tryggja komandi kynslóðum gæðamenntun sem mun tryggja heilsu, hamingju og hagsæld til framtíðar,“ segir Magnús með áherslu.

Málþingið 140 ára læknánám á Íslandi, hefst í Öskju, stofu 132, föstudaginn 16. desember klukkan 16 og stendur í tvo tíma. Nánari dagskrá má finna á [www.hi.is](http://www.hi.is).



# HUMARSÚPA

Súpan er fullleidd og aðeins þarf að hita hana upp





Við notum ekki MSG í súpuna okkar. Hún fæst í öllum helstu matvöruverslunum og stórmörkuðum landsins.

VIÐ LÆKKUM VERÐIN Á CANADA GOOSE  
VEGNA GÓÐS GENGIS!



Sportís ehf hefur verið viðurkenndur söluaðili  
Canada Goose síðan árið 1996.  
Verið velkomin til okkar í Mörkina 6!

**SPORTÍs**

MÖRKIN 6 - 108 REYKJAVÍK - S:520-1000 - SPORTIS.IS  
OPIÐ: 10-18 MÁN.-FÖS. - 12-16 LAUGARDAGA

## BÍLAR & FARARTÆKI



VOLVO Xc90 t8 hybrid inscription. Árgærd 2016, ekinn 1400 KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 13.400.000. Rnr.107673.



LEXUS Rx450h. Árgærd 2015, ekinn 26 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 11.890.000. Rnr.107828.á staðnum

Bilaplan.is  
Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík  
Sími: 552 6000  
Opíð 10 - 18 virka daga og 12 - 15 laugard.  
www.bilaplan.is




Hyundai i 20 Comfort, 3/2016, ek 38 þús km, dísel, bsk, tilboðsverð 2.080 þús, er á staðnum, raðnr 220981.



Malt & Appelsín kippa og pakki af Mackintosh Quality Street fyrir þá sem skrá bílinn sinn á sölu hjá okkur í desember. Mikil sala- vantar bíla á skrá.

100 bílar ehf  
Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík  
Sími: 517 9999  
Opíð 10-18 virka daga & laugardaga 11-15  
www.100bilar.is



FLUTTIR VIÐ SMÁRALIND  
MERCEDES-BENZ ML 320 Dísel Umboðsbíll. Árgærd 2007, ekinn aðeins 122 P.km, Sjálfsk. Leður ofl. Verð 3.990þ Rnr.110882.



FLUTTIR VIÐ SMÁRALIND  
KIA Sorento Luxury 2,2 dísel 200hö. Árgærd 2016, ekinn 41 P.KM, Sjálfsk. Verð 6.790þ. Rnr.101054.



FLUTTIR VIÐ SMÁRALIND  
MERCEDES-BENZ Sprinter 316 cdi 4x4 15 manna. Árgærd 2013, ekinn 126 P.KM, Sjálfsk. Verð 8.190þ. Rnr.111068.



FLUTTIR VIÐ SMÁRALIND  
LAND ROVER Discovery Sport S Dísel. Árgærd 2016, ekinn 26 P.km, Sjálfsk. Verð 6.680þ. Umboðsbíll. Rnr.101025.

Bilagallerí bílasala  
Hagasmára 2-4 v.Smáralind, 201 Kópavogur  
Sími: 554 6700  
www.bilagalleri.is



KRÓKUR  
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur  
Sími: 522 4600  
http://www.krokur.net



TOYOTA LAND CRUISER 120 LX 44" nýskr. 06/2003, ekinn 299 P.km, diesel, beinskiptur, nýbreyttur á 44". Verð 5.880.000 kr. Raðnr. 287822 á BILO.is

Höfðahöllin  
Funahöfða 1, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
www.bilo.is



FORD Expedition limited awd. Árgærd 2007, ekinn 211 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000.stgr Rnr.118283.

Litla bílasalan  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 587 7777  
Opíð á laugardögum 12-15  
www.litla.is

## Bílar óskast

### 0-600 STAÐGREITT

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027

### BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## » Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

### ■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

### ■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

### ■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

### ■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

### ■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

### ■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

### ■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

### ■ Sanngjarnt verð

Þjónustum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



HH  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

BÍLAHÖLLIN

BÍLAJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

## JÓLATILBOÐSBÍLAR



100 þús. kr. Gjafabréf

**MERCEDES-BENZ Glc 220 d 4matic.** Árgerð 2016, ekinn 20 P.KM, dísel, sjálfskiptur 9 girar. **JÓLATILBOÐSVERÐ 7.770.000. ÁSETT 8.390P GJAFABRÉF FYLGIR** Rnr.211912.



100 þús. kr. Gjafabréf

**TOYOTA Land cruiser 150 gx.** Árgerð 2014, ekinn 73 P.KM, dísel, sjálfskiptur 5 girar. **Verð JÓLATILBOÐSVERÐ 7.150.000. ÁSETT 7.590 GJAFABRÉF FYLGIR.** Rnr.211804.



100 þús. kr. Gjafabréf

**MERCEDES-BENZ E 220 bluetec cdi avantgarde.** Árg. 2015, NÝR BÍLL .KM, dísel, sjálfskiptur 9 girar. **JÓLATILBOÐSVERÐ 6.900.000. ÁSETT 8.500 /GJAFABRÉF FYLGIR.** Rnr.211588.



100 þús. kr. Gjafabréf

**VW Tiguan sport style.** Árgerð 2014, ekinn 80 P.KM, dísel, sjálfskiptur 7 girar. **JÓLATILBOÐSVERÐ 3.390.000. ÁSETT 3.990 100.000 KR GAFABRÉF FYLGIR** Rnr.211857.



100 þús. kr. Gjafabréf

**MMC Outlander intesyle + ev hybrid.** Árgerð 2016, ekinn 23 P.KM, bensín, sjálfskiptur. **ÁSETT VERÐ 5.890000 JÓLATILBOÐSVERÐ 5.390.000. GJAFABRÉF FYLGIR** Rnr.211838.



100 þús. kr. Gjafabréf

**OPEL Astra sports tourer.** Árgerð 2016, ekinn 16 P.KM, dísel, 6 girar. **Ásett verð 2.990.000. JÓLATILBOÐSVERÐ 2.690.00. GJAFABRÉF FYLGIR** Rnr.211811.

**Gjafabréf í Kringlunni /Smáralind að upphæð 100.000 fylgir**

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

BÍLAHÖLLIN

BÍLAJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15

Lokað sunnudaga. Sími utan opnunartíma • S. 861 2165

## Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar



## FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

## Startarar &amp; alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



## Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400

www.bilaraf.is

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

## REGNBOGALITIR

Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengi. malarar@simnet.is Sími 8919890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., þanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Tölvur

Tölvuviðgerðir og uppfærslur Mac & Windows. Sæki / sendi. Tölvukarlinn Sími 5671 919 & 666 1919

## Nudd

## NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

## SÁ SÍMASPÁ Í

S. 844 6845 / 462 4564

Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnsþá. Tarot. Árssþá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.


## Rafvirkjun

## RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktafi. straumblik@gmail.com

## KEYPT &amp; SELT

## Til sölu



Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar  
**Vandaðir krossar á leiði!**  
3kg árgjafi

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opnið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

## BÚÐU TIL ÞITT DAGATAL



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódyrt!!! eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

## BÚÐU TIL ÞÍN JÓLAKORT



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódyrt!!! eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

## BÚÐU TIL ÞITT MYNDAALBUM



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódyrt!!! eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

## Óskast keypt

## KAUPUM GULL - JÓN &amp; ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.


## Hljóðfæri



## HYUNDAI PÍANÓ + LEÐUR STÓLL

HYUNDAI píanó til sölu ( h:120cm b:150cm ), ásamt bólsturðum leður stól. Verð 220þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313 / 863 4291

## Til bygginga



## HARÐVIÐUR TIL HÚSBÝGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnaskæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

## Nudd

Býð upp á heilnudd, slökun og deknudd fyrir jólin. Afslappandi og gott umhverfi. Opnið til 22 á kvöldin. 200 Kóp. S. 894 4817


## TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateple.is

## SKÓLAR &amp; NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Evar Friðriksson s. 863 7493.



## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!** Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

## WWW.GEYMSLAEITT.IS

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍRI!** á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

## GEYMSLURTILLEIGU.IS

Parftu að laga til fyrir jólin. Stærðir 1,6-5,5 fm. Jólalilboð fyrir nýja viðskiptavini: Desembermánuður frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

## GEYMSLUR.IS

## SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## ATVINNA

## Atvinna í boði

## 200.000-450.000 Á MÁNUÐI

Erum að leita af starfsfólki í verslun / veitingastað í 101 Reykjavík.

Unnið er kvöld og helgar. Getur hentað með skóla og einnig sem fullt starf.

Mjög góð laun í boði.

Umsókn með mynd sendist á 101atvinna2017@gmail.com

## LEBOWSKI BAR

Óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.

Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is

## JÁRNABINDINGAR / IRON JOB

Vantar járnsmenn. Mikil vinna. Uppl. í s. 897 1995 / 866 1083 og jarnaverk@internet.is

Vantar pizzabakara fyrir ARA Restaurant & Bar, bæði í fullt starf og hlutastarf. s: 6633239

## fasteignir



## Kvisthagi 10

## OPIÐ HÚS

miðvikudaginn 14.des. kl.16:30-17:30



Jason Kristinn Ólafsson  
aðstm. fasteignasala  
sími: 775 1515  
jassi@miklaborg.is

Falleg hæð í Vesturbænum  
3 svefnherbergi  
Tvennar svalir

Fallegt eldhús með góðum tækjum  
Vel við haldið að utan sem innan

Verð: **64,9 millj.**

Gunnar S. Jónsson  
löggiltur fasteignasali  
sími: 899 5856  
gunnar@miklaborg.is

MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -



SEGÐU ER NÝTT FJÖLSKYLDUSPIL

# FRÁBAER SKEMMTUN!

ÞAR SEM ÖLL FJÖLSKYLDAN LEIKUR SÉR SAMAN!

SEGÐU ER SPIL SEM GENGUR ÚT Á AÐ HALDA SPILURUM GISKANDI ALLAN TÍMANN!  
RENNDU PERSÓNUSPJALDI Í ENNISBANDIÐ ÞITT OG ÚTSKÝRANDINN REYNIR AÐ FÁ ÞIG  
TIL AÐ SEGJA HVAÐA PERSÓNA ÞÚ ERT. VERIÐ FLJÓT AÐ GISKA FYRIR FLEIRI STIG!

## KOMIÐ Í VERSLANIR







síðastliðnu ári. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 var tap hjá fyrirtækinu upp á 44 milljónir króna, en á sama tímabili í ár er hagnaður upp á 22 milljónir. Um 66 milljóna viðsnúning er því að ræða. „Framlegð jókst um þrettán prósent á tímabilinu og það er stóra skýringin. Ef allar áætlanir standast fyrir síðasta ársfjórðung ársins verður þetta 75 milljóna króna viðsnúningur,“ segir Valgeir.

#### Sextíu milljóna viðsnúningur

„Sameiningin við Fítón reyndist fjárhagslega erfið. Við töpuðum miklum peningum árið 2014 og 2015. Við vorum orðin ansi stressuð á ástandinu fyrir ári síðan. Við höldum samt áfram og nýttum „lean“ hugmyndafræði og vorum að rembast við að finna leiðir til að gera betur og ná meiri árangri hvert fyrir sig,“ segir Valgeir.

Eitt sem reyndist mjög vænlegt til árangurs var að opna á upplýsingaflæði innan fyrirtækisins og kynna ársfjórðungsuppgjörið hverju sinni, fyrir starfsmönnum. „Þetta er mikil traustsyfirlýsing. Starfsmenn sem vita hvernig reksturinn gengur hafa þá skilning á af hverju hlutirnir eru

eins og þeir eru og af hverju þarf að gera ákveðnar breytingar. Við náðum að breyta andrúmsloftinu á stuttum tíma. Þá breyttist líka rekstrarárangurinn. Þegar fólk er betur meðvitað um hvernig gengur fer það að hugsa meira um að afkasta meiru, mæta á réttum tíma, mæta á fundi og bera meiri virðingu fyrir tíma annarra svo eitthvað sé nefnt,“ segir Valgeir.

Annað sem hefur reynst fyrir-tækinu vel er að fá jafnlaunavottun. „Það er líka partur af þessu með traustið að fólk viti að verið sé að vinna með ákveðinn strúktúr í kringum launin. Eins trúum við ekki á yfirvinnu og reynum að vinna þannig að fólk eigi líf fyrir utan vinnuna. Ef maður er alltaf að vinna þá tæmist á manni heilinn og maður brennur hratt út, sérstaklega í þessum bransa,“ segir Valgeir.

TBWA er alþjóðleg samstæða og í gegnum samstarf sitt við hana nýtur Pipar góðs af tólum sem eru notuð sem og þekkingu erlendra sérfræðinga. Flestir viðskiptavinir Pipars eru þó hér á Íslandi. Verkefni eru mjög fjölbreytt, allt frá merkimiðum á bjórtegundir í nokkurra mínútna auglýsingar í sjónvarpi.



Hjá PIPAR/TBWA starfa í dag 52 starfsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við erum mest í langtímasambandi við okkar kúnna og við erum með stóra kúnnaflóru sem hefur hentað okkur mjög vel. Við erum líka með mjög mikið vöruframboð. Við erum til að mynda með kvikmyndadeild og samfélagsmiðladeild og erum að vinna í áhrifa-valdamarkaðssetningu (e. influencer marketing). Við erum með okkar stefnumótunardeild og erum með hönnuði sem sérhæfa sig í fjölbreyttum sviðum, allt frá gerð umbúða í gerð sölubása,“ segir Valgeir.

Hann segir að auglýsingastofan hafi þurft að aðlaga sig mikið breyttum markaðsskilyrðum og þróun í tækni, sérstaklega með komu samfélagsmiðla frá árinu 2008. „Markaðurinn er búinn að breytast mjög mikið frá því að við fórum af stað árið 1994. Þegar við vorum að byrja voru frjálsir fjölmiðlar í ljósvaka mjög nýir. Eini gagnvirki auglýsingamiðillinn var útvarp. Við Siggí komum báðir úr útvarps- og sjónvarpsgeiranum og við komum inn á auglýsingamarkaðinn með það með okkur. Við vorum að búa til leiki fyrir útvarp og þannig. Þannig höfum við haldið okkur allan tímann við að nýta nýja samskiptatækni. Þegar samfélagsmiðlar voru að byrja nýttum við þá. Til dæmis Myspace árið 2008,“ segir Valgeir. Fyrirtækið bjó einnig til hljóm-sveitina Mercedes Club sem vakti mikla athygli en var í raun eitt stórt auglýsingaverkefni fyrir nýja vanaþjónustu Símans.

„Árið 2010 þá fórum við að ganga lengra á sviði samfélagsmiðla og stofnuðum nýja deild. Yfir þúsund manns sóttu um vinnu í henni þannig að við höfðum úr mörgum góðum að velja. Sumt af því fólki er enn hjá okkur í dag,“ segir Valgeir. „Fjötleiga upp úr því fórum við að fíkta í áhrifavöldum á samfélagsmiðlum. Það er nýja trendið núna þó að við séum búin að vera að vinna í því í sex til sjö ár. Nú eru fyrirtæki að sjá að það borgar sig að setja peninga í þetta. Við erum alltaf að fíkta fremst í þessu öllu. Okkur hefur tekist það og þess vegna held ég að við séum þar sem við erum í dag.“

#### Rugltími í aðdraganda hruns

Valgeir segir að þrátt fyrir aukna hagsæld í efnahagslífinu núna sé ástandið alls ekki eins á auglýsingastofum núna eins og á góðæris-árunum svokölluðu fyrir efnahags-hrun. „Þetta var rugltími, þessi tvö til þrjú ár fyrir hrun. Ég vona að þessi skritni tími komi ekki aftur. Það rann mikið af peningum í gegnum auglýsingastofur, sem og önnur fyrirtæki, á þessum tíma. Þetta voru ekki góðir peningar sem gerðu hlutina sjálfbæra til lengri tíma. Við sluppum vel sem betur fer en margir fóru illa út úr þessu. Við litum á það sem tækifæri að eftir hrun var mikið



#### Forsetakosningar allt öðruvísi en aðrar

PIPAR hefur komið að flestum kosningum undanfarin tuttugu árin, og unnið af mörgum framboðum. Stofan var áberandi í sumar þegar hún vann að forsetaframboði Höllu Tómasdóttur, en Vigdís Jóhannsdóttir, kosningastjóri Höllu, starfar hjá Pipar. Um var að ræða fyrstu forsetakosningar sem Pipar kom að enda voru þetta þær fyrstu í tuttugu ár þar sem sitjandi forseti var ekki með.

Forsetakosningar eru allt öðruvísi en alþingis- eða sveitarstjórnarkosningar að sögn Valgeirs. Hann segir einnig að það hafi verið frábrugðið að auglýsa framboðanda nú en fyrir örfáum árum. „Samfélagsmiðlar og Facebook live voru miklu stærra dæmi núna en í síðustu sveitarstjórnarkosningum til dæmis.

